



SKOÐUN Eyjólfur Porkels-son er ósáttur við laun lækna. **16**



TÍMAMÓT Stingur höfðinu í sandinn og er ánægð með að vera sextug. **18**



LÍFID Birkir Blær gefur út ljóðabók í dag sem eingöngu er hægt að nálgast á Vísi. **34**



SPORT Hörður Axel spilar sinn besta landsliðsbolta á hárréttum tíma. **28**

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

25. ágúst 2014
198. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR




Skjótarsamgöngur

Vel gekk að koma fólki úr miðbænum og aftur heim á Menningarnótt. **4**

Ísköld áheit Íslendingar hafa ekki látið sitt eftir liggja í Ísfötuáskoruninni. **2**

Snéru af leið Nokkrar flugvélar breyttu flugleið sinni vegna hættusvæðis á laugardag. **6**

Vantar fjölskyldur Skiptinemasamtökin AUS auglýsa eftir fjölskyldum til að taka að sér skiptinema. **12**



Bolungarvík	11°	☁ S	8
Akureyri	14°	☁ SSV	6
Egilsstaðir	17°	☁ SV	3
Kirkjubæjarkl.	15°	☁ SSV	3
Reykjavík	12°	☁ S	6

Rigning með köflum vestanlands en styttr upp og léttir heldur til um landið austanvert. Vindur fremur hægur víðast hvar og hiti 8 til 17 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



KitchenAid
THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS

95
50
1964-2014
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 2B • Sími: 520 7900 • efi@efi.is • www.efi.is



STÆRSTU TÓNLEIKAR Í MANNA MINNUM „Ég verð að segja ykkur að Ísland er einn fallegasti staður í heimi,“ hrópaði Justin Timberlake yfir 17.000 gesti á stórtónleikum sínum í gær. Justin tryllti lýðinn með fulltingi stórhljómsveitar sinnar og dansara.

Berggangurinn nær nú norður fyrir jökul

Kvika flæðir nú um berggang sem talinn er yfir 30 kílómetrar að lengd og ná norður fyrir Dyngjujökul. Eldfjallafræðingur telur hættu á eldgosu vaxa ef gangurinn nær undir láglandið milli Dyngjujökuls og Öskju. Rétt var að vara við eldgosu.

NÁTTÚRA Berggangurinn þar sem kvika þrengir sér frá kvikuhólfinu undir Bárðarbungu er orðinn ríflega 30 kílómetra langur og teygir sig nú vel norður fyrir sporð Dyngjujökuls. Jarðskjálftavirknin er mikil sem fyrr og stórum skjálftum fjölgar.


Eins og þekkt er varð órói sem greindist á skjálftamælum laust fyrir hádegið á laugardag til þess að sérfræðingar Væðurstofunnar túlkuðu gögn sem svo að lítið magn kviku væri komið upp á yfirborðið undir Dyngjujökli. Svo var þó ekki. Sigrún Karlsdóttir, náttúruvísingur Væðurstofunnar, segir að sérfræðingar hafi ekki brugðist of fljótt við, heldur hafi þvert á móti verið nauðsynlegt að bregðast við þeim merkjum sem skjálftamælakerfið sýndi.

Mörg hundruð skjálftar mælast á mælum Væðurstofunnar daglega. „Mér kæmi það ekki á óvart að við myndum sjá þetta enda með eldgosu. Mér þykir ólíklegra að þetta fjari út án þess að gos verði,“ segir

Sara Barsotti, fagstjóri eldfjallavár Væðurstofunnar.

„Nú er svo komið, þegar við skoðum skjálftana við norðurenda gangsins, að við teljum að hann hafi náð undir svæði sem er jökullaust. Það þýðir að nú er möguleiki á gosi á jökullausu svæði, sem myndi aðeins þýða hraungos. Þess lags gos ylli mun minna tjóni en sprengigos undir jökli,“ segir Sara.

Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur spyr í blogg færslu í gærkvöldi hvað gerist nái berggangurinn alla leið til Öskju, en hann hefur breytt stefnu frá norðaustri til norðurs í beinni línu á megineldstöðina Öskju. Kvikan þarf aðeins að fara 25 kílómetra til að ná til hennar,



Grænu stjörnurnar sýna stærstu skjálftana sem teygja sig nú vel norður fyrir sporð Dyngjujökuls.
Heimild: Væðurstofan

☺ **Mestar líkur eru því á gosi nú, þegar gangurinn skríður í gegnum jarðskorpuna undir söndunum norðan Dyngjujökuls og sunnan Öskju.**

Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur

en mörg dæmi úr jarðsögunni eru um að berggangar hafi náð þeirri lengd sem til þarf. Dæmin sanna, segir Haraldur, að kvika komi alltaf upp á yfirborðið þar sem berggangar brutust í gegnum jarðskorpuna á láglandi. „Mestar líkur eru því á gosi nú, þegar gangurinn skríður í gegnum jarðskorpuna undir söndunum norðan Dyngjujökuls og sunnan Öskju.“

Vaðlaheiðargöng ganga hægt: Borinn bilaður og mikill hiti

FRAMKVÆMDIR Verktakar í Vaðlaheiðargöngum glíma nú við vél-arbilanir, mikið vatn í berginu og hitann frá sprungunni sem opnaðist í febrúar síðastliðnum. Í síðustu viku lengdust göngin um 21 metra en áður en sprungan opnaðist lengdust göngin um 55 metra á viku.

- hg / sjá síðu 2

Betri melting!
Probiotic 16 Strain

- 16 tegundir góðra gerla
- Sérvalin steinefni
- Má taka hvenær sem er dags

SPURNING DAGSINS



Bjarni, taka tolleringarnar sinn toll á nemendum skólans?

„Nei, en þeir takast allir á flug.“
Bjarni Gunnarsson, konrektor MR, segir að menn vilji halda í þá áratugagömlu hefð að tollera nýnema.

Bandarískt fyrirtæki með höfuðstöðvar í San Francisco hefur fjárfest í íslensku vefhönnunarfyrirtæki: Keypti þriðjungshlut í Kosmos og Kaos

VIÐSKIPTI Bandaríska fyrirtækið UENO LLC, sem kemur að hönnun vefsíðna á borð við Google og YouTube, hefur keypt þriðjungshlut í íslenska vefhönnunarfyrirtækinu Kosmos & Kaos.

Fyrirtækið var stofnað fyrir fjórum árum af þeim Guðmundi Bjarna Sigurðssyni og Kristjáni Gunnarssyni. Í fréttatilkynningu þeirra um sölu segir að UENO LLC, sem er með höfuðstöðvar í San Francisco, sé eitt það eftirsóttasta á sviði vefhönnunar í heiminum.

„Fjárfestingin mun gera okkur kleift að stækka Kosmos & Kaos og fjölga bæði starfsfólki og viðskiptavinum,“ segir Kristján Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Tólf starfsmenn eru á skrifstofum fyrirtækisins í Reykjavík og Reykjanesbæ.

Í tilkynningunni segir einnig að hlutur UENO LLC geti farið upp í 50 prósent samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins. Gunnar Leó Gunnarsson, forsvarsmáður bandaríska fyrirtækisins hér

á landi, verður stjórnarformaður Kosmos & Kaos.

„Við skoðuðum nokkur íslensk fyrirtæki sem komu til greina sem fjárfestingarkostir fyrir UENO en ákvæðum á endanum að kaupa í Kosmos & Kaos. Bæði leist okkur vel á þeirra listrænu nálgun og hæfni starfsfólksins og svo höfum við mjög svipaða sýn á hvernig við viljum byggja fyrirtækin okkar upp,“ segir Gunnar í tilkynningunni.



SKRIFAÐ UNDIR Kristján Gunnarsson og Gunnar Leó Gunnarsson skrifuðu undir kaupsamninginn ásamt Guðmundi Bjarna, meðstofnanda fyrirtækisins.

-hg



SAMSTAÐA Í KÆNUGARÐI Petró Porósjenkó lyftir hnefanum á loft á meðal stuðningsmanna.

NORDICPHOTOS/AFP

Mikil spenna var í kringum hátíðarhöldin í Kænugarði í gær: Þjóðhátíðardegi Úkraínu fagnað

ÚKRAÍNA Þjóðhátíðardegur Úkraínu var haldinn hátíðlega þar á landi í gær. Forseti landsins, Petró Porósjenkó var viðstaddur herskrúðgöngu á Sjálfstæðistorginu í Kænugarði en mörg þúsund manns voru á staðnum.

Á sama tíma héldu aðskilnaðarsinnar sína eigin skrudgöngu í Donetsk, höfuðvíg þeirra. Þar voru stríðsfangar, úkraínskir hermenn, leiddir eftir götum og niðurlægðir.

Í ræðu sinni lofaði Porósjenkó að setja meira fjármagn í varnarmál til að sigra aðskilnaðarsinnana sem eru hliðhollir Rússlandi.

-þj

Einn farsælasti leikari Breta: **Richard Attenborough látinn**

BRETLAND Leikarinn og leikstjórinn Richard Attenborough er látinn, nírafjórum á aldri. Attenborough var einn helsti leikari Breta í langan tíma og sneri sér síðan að leikstjórn. Hann er þekktur fyrir hlutverk sín í myndum eins og Jurassic Park og The Great Escape en sem leikstjóri er hann þekktastur fyrir myndina Gandhi. Attenborough hafði verið bundinn við hjólastól undanfarin ár eftir að hafa dottið niður stiga. Attenborough var eldri bróðir vísindamannsins og þáttastjórnandans Davids Attenborough.

-þj

Ísraelskur dróni skotinn niður **Stefndi í átt að efnaverksmiðju**

ÍRAN Byltingarverðir Írans segjast hafa skotið niður ísraelskan dróna sem hafi verið á flugi í lofthelgi landsins. Byltingarverðirnir gáfu út tilkynningu þar sem fram kemur að eldflaug hafi verið skotið á drónann en hann nálgast íst úranauðgunarstöð. Ekki liggur fyrir hvernig vitað var að dróninn væri frá Ísrael en Ísraelsstjórn hefur ekki tjáð sig um málið. Ísraelar hafa ekki útilokað hernaðaraðgerðir gegn Írönnum ef vel tekst til við gerð kjarnorkusprengju.

-þj

Athygli vakin á MND með ísköldu vatni

Fjöldi heimsþekktra einstaklinga hefur undanfarið hella yfir sig ísköldu vatni til að vekja athygli á MND sjúkdómnum. Formaður MND félagsins á Íslandi segir ekki veita af stuðningi enda sé staða MND sjúkra erfið en engin lækning er til við sjúkdómnum.

SAMFÉLAGSMÁL Ísfötuáskorunin hefur undanfarið breiðst út eins og eldur í sínu um heimsbyggðina. Áskorunin gengur út á að taka upp myndband af sér að hella yfir sig fötu af ísköldu vatni og í leiðinni styrkja MND samtök eða rannsóknir. Þátttakendur skora svo á aðra að gera slíkt hið sama.

Fjöldi heimsþekktra einstaklinga hefur tekið þátt í áskoruninni og jafnframt gefið stórfé til ALS, bandaríska MND samtakanna. Þeirra á meðal eru Oprah Winfrey, Justin Timberlake, Bill Gates, Lady Gaga og George Bush. Riflega tíu milljónir dollara hafa safnast á dag til ALS samtakanna síðastliðna fimm daga en í gær náðu áheiti til samtakanna sjötíu milljónum dollara.

Áskorunin hefur einnig náð til Íslandsstranda. Síðustu daga hafa Gylfi Þór Sigurðsson, Gunnar Nelson, Ágústa Eva Erlendsdóttir og Jón Ragnar Jónsson ásamt fleirum tekið áskoruninni.

„Þetta er stórkostleg vitleysa, sem hefur hjálpað MND að eignast sess í hugum manna,“ segir Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins á Íslandi, og bætir við að allir hafi gott af kælingu.

Guðjón segir styrki til samtakanna hafi aukist undanfarið. „Það eru ekki háar upphæðir en margt smátt gerir eitt stórt. Við þökkum fyrir hverja krónu sem kemur inn,“ segir Guðjón og bendir á að hægt sé að styrkja félagið í gegnum vef félagsins, mnd.is.

Engin lækning er til við MND og því hefur tilgangur ísfötuáskorunarinnar meðal annars verið að styrkja rannsóknir á sjúkdómnum. „Flestir deyrja innan tveggja til



ÍSKALT Egill Einarsson, Audunn Blöndal, Gunnar Nelson og Ágústa Eva Erlendsdóttir eru meðal þeirra Íslendinga sem tekið hafa ísfötuáskoruninni.

fimm ára frá greiningu en um tíu prósent lifa í allt að tíu ár,“ segir Guðjón en bætir við að sjúkdómurinn fari misjafnlega með fólk. „Flestir stoppa mjög stutt við. Það eru svona fimm til sjö sem deyrja og álika margir sem greinast á ári.“

Að sögn Guðjóns er staða þeirra sem greinast með sjúkdómnum erfið hér á landi. „Við höfum verið að heyja varnarbaráttu frá hrúni eins og annað fatlað fólk. Þetta er oft erfitt, en við reynum eins og við getum að aðstoða sjúklinga og þeirra fjölskyldur ef eitthvað bjátar á.“

Honum finnst að betur þurfi að styðja við bakið á MND sjúklingum. „Það þarf miklu meiri stuðning við kaup á hjálpartækjum, hraðari



„Þetta er stórkostleg vitleysa, sem hefur hjálpað MND að eignast sess í hugum manna.“

Guðjón Sigurðsson, formaður MND félagsins á Íslandi

greiningar og félagslega aðstoð. Oft er mikil bið eftir aðstoð sem endar oft með því að fólk deyr frá sínum rétti,“ segir Guðjón.

ingvar@frettabladid.is

Borgarferðir

Frá kr. **74.900**

Allt að **10.000 kr.** bókunarfsláttur til 26. ágúst 2014 valdir gættastaðir, valdar dagsetningar.

Netverð á mann frá kr. 74.900 á Hotel Saffron í Bratislava m.v. 2 í herbergi. 11. september í 4 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 www.heimsferdir.is

Vaðlaheiðargöng í Eyjafirði lengdust samtals um 21 metra í síðustu viku: Mikill hiti og borinn bilaður

FRAMKVÆMDIR Verktakar í Vaðlaheiðargöngum glíma nú við vélarbilanir, mikið vatn í berginu og hitann frá sprungunni sem opnaðist í febrúar síðastliðnum. Göngin lengdust um 21 metra í síðustu viku en um 55 metra að meðaltali áður en sprungan opnaðist.

„Verktakarnir vinna nú tvær átta klukkustunda vaktir vegna hitans en áður var unnið allan sólarhringinn. En nú er kominn kælibúnaður sem á að lækka hitann innst í göngunum,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf.

Hann segir könnunarholur, sem verktakinn borar 30 til 40 metrum á undan, sýna að um 59 gráðu heitt vatn er í berginu. Heitavatnssprungan sem opnaðist í vetur dælar um 200 lítrum af 46 gráðu heitu vatni á sekúndu og gerir vinnuáætlætur í göngunum erfiðar.

„Það hefur því farið mikill tími í bergþéttingar en það hefur verið ákveðið að fresta því að loka stóru sprungunni þangað til byrjað verður að bora í Fnjóskadal. Síðan virka einungis tveir af þremur örmum borsins og það hægir einnig á vinnunni,“ segir Valgeir og bætir við að aðrar vélar verktakanna í Fnjóskadal hafi einnig bilað. Hann segist vonast til þess að gangagerð geti hafist í dalnum áður en veturinn skellur á.



GUFAN Vaðlaheiðargöng eru nú 2.950 metra löng.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

„Samkvæmt samningi átti verktakinn að vera byrjaður í Fnjóskadal í lok maí og þá með öðru borgengi. Þeir hafa ekki keypt þann bor og því erum við að leggja áherslu á að þeir byrji þá þar með borgengi sem er í Eyjafirði. Þá verður hægt að nota tímenn til að loka sprungunni og jafnvel bæta loftræstinguna og vinnuáætlætur þeim megin.“

-hg



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

Örfá sæti laus í síðasta Skrifstofuskóla ársins!

Kostar nú 46.000 í stað 229.000*

Skrifstofuskóli NTV og Mímir-símenntun

240 stundir - 46.000 - 3 sæti laus á morgunnámskeið sem hefst 27. ágúst, 2 sæti laus á morgunámskeið sem hefst 28. ágúst og 1 sæti laust á kvöldnámskeið sem hefst 28. ágúst.

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins niðurgreiðir námið fyrir námsmenn sem ekki hafa lokið framhaldsnámi (stúdentsprófi eða hliðstæðri menntun). Án niðurgreiðslu Fræðslumiðstöðvarinnar kostar námið 229.000 kr. (Flest stéttarfélag styrkja einnig þetta nám).

Kennt er eftir nýrri vottaðri námskrá sem byggir á 18 ára reynslu NTV á skrifstofunámi. Markmiðið er að nemendur verði færir um að vinna almenn skrifstofustörf og sjá um að færa bókhald.

Skrifstofuskólinn hentar þeim sem eru í leit að vinnu, á leið út á vinnumarkaðinn eftir nokkurra ára hlé eða vilja styrkja stöðu sína í núverandi starfi. Þetta nám er mjög markvisst fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við ýmis krefjandi störf á vinnumarkaðinum.

Helstu námsgreinar:

Bókhald - Tölvubókhald - Sjálfstyrking - Mannleg samskipti - Verslunarreikningur - Tímastjórnun og markmiðasetning - Námsækni - Flott ferilskrá - Þjónusta - Hraðlestur - Tölvu- og upplýsingaleikni - Stafræn samskipti; Netíð, Word, Excel og Power Point - Persónuleg færnimappa - Lokaverkefni

Hvað segja nemendur okkar um námið:

Ég fór í nám hjá NTV til að styrkja stöðu mína á vinnumarkaði eftir langt hlé. Ég var í alla staði mjög ánægð með bæði námið og allt starfsfólk hjá þeim. Það þarf kjark til að fara að vinna aftur eftir mjög langt hlé og hann fann ég þarna. Ég kann þeim miklar þakkir fyrir.

Kristbjörg Richter. Sölufulltrúi og móttökuritari.

Ég hafði litla sem enga kunnáttu á tölvur og tölvubókhald þegar ég byrjaði en eftir eina önn var ég full af sjálfstrausti og fékk vinnu við bókhald í beinu framhaldi af náminu.

María Magnúsdóttir Bókhald/Gjaldkeri

Ég mæli hiklaust með Skrifstofuskólanum. Það var vel farið í námsefnið, sumt kunnir maður, en annað ekki og þá var farið yfir það þar til maður náði því. :) Góður félagsskapur er í NTV og starfsfólkið frábært!

Margrét Scheving

Mjög skemmtilegt og hagnýtt nám. Aðstaðan er til fyrirmyndar og flottir kennarar:)

Íris Björg Birgisdóttir

SVONA ERUM VIÐ



50 þúsund krónur var hæsta verðið í boði fyrir aðgangsmiða inn á tónleika Justins Timberlake í gær.

Margir seldu miða á samfélagsmiðlunum en verðið var oftast í kringum 30 þúsund krónur.

Íslamska ríkið heldur áfram að herja á minnihlutahópa í Írak: Vara við blóðbaði í Amerli

ÍRAK Sameinuðu þjóðirnar hafa varað við því að ástandið í bænum Amerli, sem er tæpum 200 kílómetrum norðan við Bagdad, sé orðið grafalvarlegt.

Vígamenn úr röðum Íslamska ríkisins hafa umkringt bæinn en þar eru um átján þúsund íbúar í herkví.

Heimamenn hafa haldið uppi vörnum í um tvo mánuði en matar- og vatnsskortur er orðinn mikill og alvarlegur. Nikolai Mladenov, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í Írak, segir að grípa þurfi til tafarlausa

aðgerða til að koma í veg fyrir að blóðbað verði í bænum.

Íbúar Amerli eru flestir sjá-múslimar og Túrkmennar að uppruna. Vígamenn Íslamska ríkisins álíta þá trúvillinga og hóta þeim grimmi- legum örlögum sem ekki gangi af trúnni. Fyrr í mánuðinum voru meira en 500 jasídar drepnir af Íslamska ríkinu. Jasídar voru líft og Túrkmennarnir í Amerli álitnir rétttræpir af liðsmönnum Íslamska ríkisins en alþjóðlegt átak þurfti til að bjarga tugþúsundum þeirra af Sinjar-fjalli og koma í veg fyrir þjóðarmorö. -aó



Á VARDBERGI Túrkmenni frá bænum Amerli stendur vörð. MYND/AFIP

Byggðastofnun birtir uppgjör: Hagnaður upp á 75 milljónir

VIÐSKIPTI Hagnaður Byggðastofnunar á fyrri helmingi ársins nam 75 milljónum króna miðað við 184 milljóna hagnað á sama tíma í fyrra.

Í árshlutareikningi stofnunarinnar kemur fram að eignir námu 14.506 milljónum og minnkuðu um 366 milljónir frá áramótum. Skuldir lækkuðu einnig um 441 milljón og námu í júnílok 12.129 milljónum. Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. -hg



BARIST VIÐ ELÐINN Eldur braust út á nokkrum stöðum í Sonoma- og Napa-sýslum. MYND: AFP

Nokkrir alvarlega slasaðir:

Öflugur skjálfti í Kaliforníu

BANDARÍKIN Meira en sjötíu slösuðust, þarf af þrír lífshættulega, þegar jarðskjálfti upp á sex stig reið yfir Kaliforníu í gærmorgun. Upptök hans voru um 64 kílómetra norðaustur af San Francisco. Það voru íbúar í Napa- og Sonoma-sýslum sem fundu hvað mest fyrir skjálftanum. Eldar kviknuðu á nokkrum stöðum og rafmagn fór víða af. Eftirskjálfti upp á 2,6 stig reið yfir um hálf tíma síðar og jarðfræðingar spá því að fleiri komi í kjölfarið. Þetta er öflugasti skjálfti sem orðið hefur á þessu svæði í áratugi. -aó

Veidiin nam 7.218 tunnnum:

Færri fóru á grásleppuveiðar

SJÁVARÚTVEGUR Alls 223 bátar fóru á grásleppuveiðar í sumar sem var fækkun um 64 bátar frá 2013. Veidi á hvern bát jókst aftur á móti úr 30 tunnnum í fyrra í 32 tunnnum í ár.

Á vef Landssambands smábát-eigenda segir að mestu hafi verið landað í Stykkishólmi. Afllinn þar nægði í 788 tunnnum af söltuðum hrognum en grásleppuveiðmenn veiddu í alls 7.218 tunnnum á vertíðinni. Heimilt var að veiða grásleppu í samtals 32 daga eins og í fyrra. -hg

Vel gekk að ferja hundrað þúsund á Menningarnótt

Stóráfallalaust gekk fyrir sig að ferja ríflega hundrað þúsund manns í miðbæ Reykjavíkur og til baka á Menningarnótt. Aldrei hafa fleiri tekið strætó á einum degi. Yfir eitt þúsund manns var sektað fyrir að leggja ólöglega. Lögregla og skipuleggjendur eru sammála um að rétt hafi verið að loka Þingholtunum fyrir bílaumferð.

SAMGÖNGUR Yfir hundrað þúsund manns sóttu Menningarnótt á laugardaginn. Þegar flugeldasýningunni lauk klukkan ríflega ellefu þurfti að ferja mannfjöldann úr miðbænum. Sextíu vagnar frá Strætó voru notaðir til að koma fólki heim auk þess sem lögreglan var með mikinn viðbúnað.

„Það tók um klukkutíma að koma mesta fjöldanum úr bænum. Þetta var komið í eðlilegt helgar-ástand um klukkan eitt,“ segir Árni Friðleifsson, varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Aldrei hafa fleiri nýtt sér þjónustu Strætós á einum degi. „Við hefðum þurft að hafa fleiri vagna. Það er búið að ákveða að fjölga í áttatíu vagna eftir flugeldasýninguna á næsta ári,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós.

„Við Njarðargötu og Íslenska erfðagreiningu tók þetta lengri tíma en annars staðar. Það lögðu fleiri í vesturhlutanum en austan megin. Borgartúnið hefði getað borið mun meiri umferð,“ segir Árni sem bætir við að heilt yfir hafi dagurinn tekist vel.

Þó eru alltaf einhverjir sem ekki vilja hlýða fyrirmælum lögreglu. „Það er alltaf einn og einn sem telur sig yfir lokanir hafinn og ætlar að komast nær. Það eru margir sem hreinlega nenna ekki að ganga.“

Ríflega eitt þúsund ökumenn voru sektaðir fyrir að leggja ólöglega. „Við komumst bara yfir hluta þeirra sem lögðu ólöglega. Það er bara þannig að umferðarlögin gilda hvort sem það er Menningar-



MIKILL FJÖLDI Greiðlega gekk að koma ríflega hundrað þúsund manns sem sóttu Menningarnótt í miðbæinn aftur heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



REYNIR JÓNSSON

nótt eða ekki,“ segir Árni.

Þingholtunum var í ár bætt við það svæði sem lokað var fyrir bílaumferð.

„Það má segja að öllum miðbænum vestan

Snorrabrautar hafi verið lokað,“ segir Árni en að hans sögn var um öryggisráðstöfun að ræða. „Neyðaraðstoð þarf að komast í gegnum Þingholtin ef eitthvað gerist. Sjúkrabílar og slökkviliðsbílar hafa ekki getað það undanfarin ár.“

Einar Bárðarson, einn af skipuleggjendum Menningarnæturs, telur það hafa heppnast vel að loka Þingholtunum fyrir bílaumferð. „Fjöldinn dreifðist allt öðruvísi. Með því að stækka lokunarsvæðið dreifðust þyngdarpunktarnir meira. Stemming var afslappaðri og þægilegra að komast á milli staða,“ segir Einar.

Strætó bauð í fyrsta sinn á Menningarnótt upp á strætóferðir frá Kirkjusandi og Borgartúni og upp á Skólavörðuholt. Reynir segir mikinn fjölda hafa nýtt sér þá þjónustu. „Við hefðum þurft að bæta við vögnum og byrja að ferja



„Það tók um klukkutíma að koma mesta fjöldanum úr bænum.“

Árni Friðleifsson, varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

fólk fyrir,“ segir Reynir. Strætó hefur þegar ákveðið að tvöfalda fjölda þeirra vagna sem keyra þessa leið næstu Menningarnótt.

ingvar@frettabladid.is

Ný bragðtegund með Camembert

Smurostar

við öll tækifæri

Ný viðbót ...

... á ostabakkann
... á pítsuna
... í brauðréttinn
eða á hrökkbrauðið

ms.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 30°	Friedrichshafen 19°	New York 27°
Apéna 33°	Gautaborg 18°	Orlando 30°
Basel 22°	Kaupmannahöfn 18°	Ósló 18°
Berlín 18°	Las Palmas 26°	París 19°
Billund 17°	London 17°	San Francisco 20°
Frankfurt 18°	Mallorca 32°	Stokkholmur 18°

11°

16°

17°

Á MORGUN
Strekkingur með A-strönd annars hægari vindur.

13°

16°

17°

MÍÐVIKUDAGUR
Strekkingur allra syðst annars hægari vindur.

13°

16°

17°


Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal joni@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjórdís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kkolbeinn@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI

1.390 KR.

PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 25.-31. ÁGÚST 2014



Domino's®



**ÁTTU MEGA-
KLÁRAN KRAKKA?**

Þegar þú sækir máltíðina þína geturðu beðið um glaðning fyrir barnið þitt til að nota í skólanum!*

MEGAVILKA

MÁNUDAGURINN 25. ÁGÚST

Með fyrstu 1.000 pöntunum dagsins fylgir bíomiði eða varningur tengdur myndinni The Expendables 3.

ÞRIÐJUDAGURINN 26. ÁGÚST

Ilmandi nýbakað Ostagott fylgir frítt með fyrstu 750 pöntunum dagsins.

MIÐVIKUDAGURINN 27. ÁGÚST

Flaska af isköldu 2L Coke fylgir frítt með fyrstu 750 pöntunum dagsins.

 www.dominos.is

 sími 58 12345


 domino's app



JARÐHRÆRINGAR UNDIR VATNAJÖKLI

0,7-1,0 Hz

mældist lágtfréttir á skjálftamæl-
inum á Dyngjujökli í gær, sem varð
til þess að sérfræðingar töldu að gos
væri hafið. Það er mun meiri virkni
en venjulega.

**Um 30 manns**

voru starfandi í Samhæfingarmiðstöðinni
í Skógarhlíð á laugardag þegar Veðurstofan
tilkynnti að gos væri sennilegast hafið
í Dyngjujökli.

48 þúsund


ferkílómetra flughættusvæði var skilgreint
suðaustur af Vatnajökli þegar Veðurstofan
hafið gefið út tilkynningu um að gos væri
hafið. Til samanburðar má geta þess að
Ísland er 103 þúsund ferkílómetrar að stærð.

**4** alþjóðaflugvellir

eru á Íslandi. Þeir eru í Keflavík, í
Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum.
Flugumferð að og frá þeim var
óbreytt alla helgina.

**400** manns

þurftu að yfirgefa það svæði sem þau voru á þegar til-
kynning um mögulegt gos barst á laugardaginn. Fólk
var stöðugt við Jökulsárgljúfur, í Ásbyrgi, Vesturdal, við
Dettifoss og Hólmatungur og á göngustígum í gljúfr-
unum. Þessi svæði eru enn lokað ferðamönnum.



PROMENNT

„Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýttast
mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en
námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman vel upp.
Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta
flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
Sonja G. Ólafsdóttir (Markaðs- og sölunám, 2013)

www.promennt.is

**STYRKTU
STÖÐU ÞÍNA**

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

NÁMSSTYRKIR

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM HRAÐFERÐ

Sérstök áhersla lögð á upplýsingatækni og stafræna
markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar
annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði
markaðs- og sölumála. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna
sínar auglýsingar sjálfir.

Kvöldhópur hefst **9. september** • Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.****GRAFÍSK HÖNNUN**

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám í grafískri hönnun sem er
ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu
eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi (t.d.
á háskólastigi). Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna
sínar auglýsingar sjálfir.

Kvöldhópur hefst **2. september** • Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.****VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN**

Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir alla sem vilja koma
sér upp einfaldri og smekklegru heimasíðu sem auðvelt er að
uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar
þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja
bæta og uppfæra fyrri síður.

Kvöldhópur hefst **8. september** • Lengd: **115 std.** • Verð: **147.000 kr.**Skráðu þig á póstlistann og þú gætir unnið 150.000 kr. gjafabréf.
Dregið 30. ágúst 2014. Nánar á promennt.is.Gæðavottun
fræðsluáðilaPromennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á ÍslandiHjá Promennt er
einnig boðið upp á
fjarkennslu í beinniHjá Promennt er
boðið upp á dag-
og kvöldnámSkráning fer fram á www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari
upplýsingar.**PROMENNT**Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is**Vélar sneru af leið
vegna hættusvæðis**

Nokkrar flugvélar gerðu breytingar á flugleið sinni eftir að svæði suðaustur af
Íslandi var skilgreint hættusvæði á laugardag. Nokkrir Íslendingar urðu stranda-
glópar í Þýskalandi vegna þess að flugi var aflýst vegna fréttu af eldgosu.

Nokkrar flugvélar þurftu að
gera breytingar á flugleið sinni
vegna þess að svæði suðaustur
af Vatnajökli var skilgreint sem
mögulegt hættusvæði fyrir flug,
eftir að því var lýst að gos væri
hafið í Dyngjujökli á laugardag.
Skilgreiningin var numin úr gildi
upp úr hádegi í gær.

Alls staðar í heiminum er fólk
minnugt þess að þegar gaus í
Eyjafjallajökli árið 2010 olli
það gríðarlega umfangsmikilli
röskun á flugi. Sky-fréttastofan
segir að 100 þúsund flugferðum
hafi verið aflýst. Frá þeim tíma
hafi reglum um flug verið breytt
þannig að eldgos í dag myndi
tæpast valda eins mikilli ringul-
reið og fyrir fjórum árum. Engu
að síður fylgjast flugmálayfir-
völd víða um heim vel með gangi
mála.

Friðþór Eydal, upplýsinga-
fulltrúi ISAVIA, sagði í samtali
við Fréttablaðið í gær að ekki
lægi fyrir hversu margar vélar
hefðu beygt af leið. Þær upplýs-
ingar myndu þó mögulega verða
á takteinum í dag. Hann telur
að það hafi ekki verið margar
flugvélar sem hafi þurft að gera
verulegar breytingar á flug-
áætlunum sínum. „Þeir breyta
ekki flugáætlunum í raun. Þeir
planleggja bara fram hjá þessu
svæði,“ segir Friðþór. Það séu
sennilegast bara fyrstu vélarnar
sem hafi gert einhverjar breyt-
ingar að ráði.

Ummæli Friðþórs eru í sam-
ræmi við skilaboð frá Nicholas
Wyke, talsmanni hjá flugmála-
stjórn Evrópu, eða Eurocontrol.
Hann sagði í tölvupósti til

HÆTTUSVÆÐI Í ÍSLENSKRI LOFTHELGI

MINNI ÁHRIF Hund-
rað þúsund flugferðum
var aflýst í gosinu í
Eyjafjallajökli 2010.
Ólíklegt er að áhrifin
verði eins mikil núna.

Associated Press-fréttastofunn-
ar að það væri erfitt að meta
hve margar flugvélar færu alla
jafna yfir þetta svæði, því flug-
vélar breyttu gjarnan flugleið-
um sínum eftir veðurskilyrðum.
„Það er ólíklegt að þetta hættu-
svæði muni hafa einhver veruleg
áhrif á flugumferð yfir Atlants-
hafið,“ sagði Wyke á laugardags-
kvöld.

Bryndís Hagan Torfadóttir,
framkvæmdastjóri Scandinavian
Airlines á Íslandi, segir enga
röskun hafa orðið á flugi félags-
ins vegna gossins. „Það hefur
ekki verið, en ég bara sendi
þeim allar upplýsingar sem birt-
ast,“ segir hún. Hún bætir því við
að nú sé bara að bíða og sjá hvað
verði í framhaldinu.

Þó eru dæmi um flugfélög
sem gerðu verulegar breytingar.
Fréttavefurinn Vísir greindi frá

„Peir breyta ekki
flugáætlunum í raun. Þeir
planleggja bara
fram hjá þessu
svæði.“

Friðþór Eydal,
upplýsingafultrúi ISAVIA



því í gær að hópur Íslendinga
hefði ekki komist til Íslands frá
Þýskalandi. Ástæðan var sú að
flugfélagið Air Berlin felldi niður
flug vegna fréttu af eldgosu. Á
vef fréttastofu ITV segir líka að
vél á vegum Virgin Atlantic hafi
sveigt af leið eftir að upplýsing-
arnar bárust.

jonhakon@frettabladid.is

Þjóðgarðsvörður telur það langtímahagsmuni að hafa Jökulsárgljúfur lokað:

Jökulsárgljúfur áfram lokað

Að minnsta kosti 400 ferðamenn
þurftu að yfirgefa Jökulsárgljúfur
þegar fréttir bárust af því á laug-
ardaginn að gos væri hafið. Hjör-
leifur Finnsson þjóðgarðsvörður
segir að fólk hafi yfirleitt brugð-
ist mjög vel við. „Undantekningar-
lítið hafið það einhverja vitneskju
um eldfjallavirkni og þess vegna
þurfti ekki að útskýra mikið fyrir
því hvað væri í gangi,“ segir hann.
Fréttablaðið hefur rætt við ferða-
þjónustuaðila sem eru ósáttir við
lokanirnar.

Hjörleifur telur aftur á móti að
þetta hafi verið eðlilegar ráðstaf-
anir. „Það eru einstaka ferðaþjón-
ustuaðilar sem sjá til skamms tíma
fram á tekjutap en ég held að lang-
tímahagsmunir ferðaþjónustunnar
á Íslandi séu að halda Íslandi sem
öruggu ferðamannalandi. Þannig
að ég held að við eigum langtíma-



FERÐAMENN Um 230 manns voru við Dettifoss á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hagsmuni sameiginlega með ferða-
þjónustunni,“ segir Hjörleifur.

Svavar Pálsson, sýslumaður
á Húsavík, segir að þetta svæði
verði áfram lokað. „Hlutverk
Almannavarna er að tryggja
öryggi almennings. Þess vegna

grípum við til þeirra ráðstafana
sem við teljum nauðsynlegar,“
segir Svavar. Aðgerðir yfirvalda
byggja allar á því að tryggja
öryggi fólksins miðað við upplýs-
ingar á hverjum tíma.

-jhh

☆ Tenerife ☆ Kanarí

☆ Forskot á veturinn



SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA

**NÚ ER
TÆKIFÆRIÐ!**

SÓLARHRINGSTILBOÐ Á
FJÖLDA BROTTFARA Í HAUST
OG VETUR

**HEFST Í DAG
KL. 12:00**

TENERIFE 8 NÆTUR

FRÁ 79.900 KR.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Hovima Jardín
Caleta í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði.
Verð m.v. 2 fullorðna 95.040 kr.
Brottför: 19. nóvember — 8 nætur.

KANARÍ 8 NÆTUR

FRÁ 73.900 KR.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Montemar í íbúð
með 2 svefnherbergjum. Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu
svefnherbergi 85.412 kr.
Brottför: 2. desember — 8 nætur.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!
Nánar á sumarferdir.is

**Frábært verð
í sólina í haust
og vetur!**

SUMAR  FERÐIR
...eru betri en aðrar

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

JARÐHRÆRINGAR UNDIR VATNAJÖKLI



**BORGARLEIKHÚS-
BLAÐIÐ KEMUR
Á MIÐVIKUDAGINN!**



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau kenna í ofbeldi



HVAR ER BÁRÐARBUNGA? Þessir ferðamenn voru ekki að þræta við björgunarsveitarmenn til þess að komast nær Bárðarbungu heldur vildu þeir einfaldlega fá að sjá á kortinu hversu nálægt þeir væru henni. Svo tóku allir í hópnum mynd af skiltinu þar sem stendur á ensku og íslensku að lokað sé vegna hættunnar á eldgosí.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ferðamenn eru forvitnir

Flestir ferðamenn sem fara um Sprengisand eru rólegir yfir fréttum af eldgosahættu og fylgja ráðleggingum landvarðar. Aðrir vilja komast sem næst gossvæðinu.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Fjölmargin fjölmiðlamenn, jarðvísindamenn og áhugaljósmyndarar hafa lagt leið sína um Nýjadal á Sprengisandi frá því á laugar-dag, eða frá því tilkynnt var um eldgos undir sporði Dyngjujökuls. Frá Nýjadal er hægt að komast næst Bárðarbungu sunnan frá og útsýnið er gott yfir jökulinn.

Landvörður í Nýjadal segir að þrátt fyrir að ferðamannastraumur hafi minnkað sé alltaf einhver umferð ferðamanna á svæðinu og um þriðjungur þeirra hafi ekki hugmynd um eldgosahættuna. „Verkefni mín snúast fyrst og fremst um að vera í góðu símasambandi og upplýsa ferðamenn um gosið og hættuna á öskuskýi. Öskuský er helsta hættan hér sunnanmegin við Vatnajökul, enda getur fólk villst af leið og týnst,“ segir Stefánía Ragnarsdóttir landvörður og bætir við að helst sé reynt að fá ferðamenn til að breyta ferðaplönnum sínum og ganga ekki utan vega.

Flestir taka leiðbeiningum vel en sumir verða aðeins of spenntir og vilja komast nær hættusvæðinu. „Þá útskýri ég fyrir þeim hættuna við öskuský. Fólk gerir sér ekki grein fyrir þessu og heldur að eldgos sé bara flott sjónarspil.“

Það er einmitt forvitni ferðamanna sem hefur valdið því að nauðsynlegt þykir að björgunarsveitarmenn standi vörð við afleggjarann að Gæsatnaleið.



Öskuský er helsta hættan hér sunnanmegin við Vatnajökul.

Stefanía Ragnarsdóttir,
landvörður í Nýjadal

Vegurinn nær alveg undir jökul og eru einungis 30 kílómetrar að Bárðarbungu í beinni loftlínu frá afleggjaranum. Því hefur vegurinn verið lokaður síðustu fjóra daga. Lokunin er vel merkt og keðja fyrir veginum en það dugur ekki til að halda fólk frá.

„Það er ótrúlegt hvað fólk er óforskammat. Bara núna á föstudagsnótt þurftum við að þræta við erlenda ferðamann sem var staðráðinn í að fara veginn, sama hvað,“ segir Jóhann Jóhannesson björgunarsveitarmaður. „Við treystum því engan veginn að fólk virði lokunina, ekki einu sinni þótt bíllinn sé hér fyrir, og sofum því á vöktum yfir nóttina.“

Björgunarsveitarmennirnir vissu ekki hve lengi þeir yrðu áfram í Nýjadal í ljósi þess að gosið er ekki hafið. Þeir eru í biðstöðu líkt og landvörðurinn sem er búinn að pakka öllu sínu hafurtaski saman, ef nauðsynlegt þykir að rýma svæðið, ásamt áhugaljósmyndurum og fjölmiðlamönnum sem eru í startholunum með myndavélar tilbúnar til að ná fyrstu myndum af gosinu, sem aldrei lét sjá sig í fyrradag.



VILT ÞÚ NÝTA VIÐBÓTARLÍFEYRISPARNAÐINN TIL ÍBÚÐAKAUPA?

Þú getur notað viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn til að greiða inn á höfuðstól húsnæðisláns eða til íbúðasparnaðar. Ef þú sækir um fyrir 1. september nk. getur þú nýtt iðgjöld frá 1. júlí.

- Skoðaðu kynningarmyndböndin á arionbanki.is og taktu upplýsta ákvörðun fyrir næstu mánaðamót.
- Sæktu um á rsk.is/leidretting fyrir 1. september nk.

 Arion banki

LÚÐUSNEIÐAR

MEÐAN
BIRGÐIR
ENDAST

1.990 kr.kg

FISKIBOLLUR **2** FYRIR **1**

FISKFARS **890** kr.kg



FISKIKÓNGURINN
HÖFÐABAKKA 1
v/Gullinbrú
SÍMI 555 2800



FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

www.fiskikongurinn.is

GRÍPTU TILBODIÐ

Finndu Fiskikónginn á



LOK FYRIR HEITA POTTA

Sterkustu lokin á markaðinum í dag

Lok til á lager

Eigum til á lager:

Stærðir:

174x217 cm

200x200 cm

210x210 cm

217x217 cm

220x220 cm

217x235 cm


235x235 cm

8 hyrnd lok,

(passar á Unaðskel)



Lokin þola
1.000 kg
snjóþunga.



HITAVEITUSKELJAR OG
RAFMAGNSPOTTAR




Sölustaður

HEITIRPOTTAR.IS

FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI: 777 2000

JARÐHRÆRINGAR UNDIR VATNAJÖKLI



→ Atburðarás helgarinnar í hnotskurn

JARÐSKJÁLFTAR STÆRRI EN 3,5

FÖSTUDAGUR

- Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð hefur verið að störfum síðan ákveðið var að loka hálandinu vegna jarðskjálftahrinunnar í Bárðarbungu þann 19. ágúst 2014.
- Vísindamenn setja upp mælitæki á Vatnajökli í samstarfi innan FutureVolc-verkefnisins.
- Ný GPS-stöð í Kverkfjöllum og skjálftamælir senda upplýsingar í rauntíma á vefinn.
- Færnlegar ratsjár eru staðsettar við Syðri-Hágöngu og Hótel Laka.
- Skjálftavirkni í kringum Bárðarbungu sýnir engin merki um að dragi úr umbrotum.
- 25 kílómetra gangur undir Dyngjujökli á 5-10 kílómetra dýpi hefur lítið lengst.
- Aflögunarmælingar sýna færslu á landinu um 20 sentímetra undanfarna daga.

LAUGARDAGUR

- 11.18 Bera fer á skjálftaórá á bilinu 1-1,5 HZ. Þetta bendir til mögulegs samspils á milli íss og kviku. Óróanum svipar til þess sem mældist á meðan gos var í Fimmvörðuhálsi þar sem flæðandi hraun komst í snertingu við ís.
- 12.00 Skjálftavirkni í kringum Bárðarbungu eykst hratt á tólfta tímanum.
- 12.15 Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, fer í loftið með sérfræðinga frá Veðurstofunni og Jarðvísindastofnun Háskólans ásamt fulltrúum Almannaþingarinnar. Flugið er yfir Bárðarbungu, Dyngjujökul og Jökulsá á Fjöllum í góðu skyggni.
- 14.10 Tilkynnt um að lítið hraungos sé hafið undir Dyngjujökli. Flug yfir Vatnajökul er bannað og litakóði fyrir flug færður úr appelsínugulu í rautt.
- 14.15 Rýming í Jökulsárgljúfrum hefst – er lokið á fjórum klukkustundum. Um 400 ferðamenn voru þar á ferð.
- 20.30 Mat vísindamanna er að eldgos sé ekki í gangi eftir flug TF-SIF yfir jökulinn.

SUNNUDAGUR

- 08.00 Starfsmenn Vegagerðarinnar hefja vinnu við að verja brýr yfir Jökulsá á Fjöllum.
- 10.00 Vísindaráð Almannaþingarinnar kemur saman í húsakynnum Veðurstofunnar.
- 11.40 Veðurstofan ákveður að breyta litakóða fyrir flug úr rauðu niður í appelsínugulan.
- Gangurinn undir Dyngjujökli er talinn vera rúmlega 30 kílómetra langur.
- 12.00 Almannaþingastig vegna jarðskjálftavirkni kringum Bárðarbungu er lækkað úr neyðarstigi í hættustig. Lokanir í Jökulsárgljúfrum að Dettifossi eru enn í gildi sem og lokanir á hálandinu norðan Vatnajökuls.

Rétt ákvörðun að vara við eldgosi

Vísindamenn Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar vita ekki hvað olli óróanum sem var túlkaður sem lítið hraungos undir Dyngjujökli. Ákvörðun um að tilkynna eldgos er sögð sú eina rétta. Nú flæða 270 milljónir rúmmetra af kviku um bergganginn undir Dyngjujökli.



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

„Staðan er sú að við förum í þá vinnu að greina hvað var þarna á ferðinni. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu. En við munum halda áfram að greina hvað þarna gerðist og bætum því í þekkingarsarpinn,“ segir Sigrún Karlsdóttir, náttúruvárstjóri Veðurstofunnar, spurð hvort vitað sé hvað gaf svo greinileg merki um að lítið hraungos væri hafið undir Dyngjujökli á laugardag.

Villuljós
Eins og þekkt er varð lágtíðni-órói sem greindist á skjálftamælum laust fyrir hádegis-á laugardag til þess að sérfræðingar Veðurstofunnar túlkuðu gögn sem svo að lítið magn kviku væri komið upp á yfirborð undir Dyngjujökli. Þessi órói varð í nokkrar klukkustundir og dró jafnt og þétt úr honum fram eftir degi. Mælingar um borð í flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SIF og leiðnismælingar úr vatnamælakerfi Veðurstofunnar sýndu hins vegar engar markverðar breytingar. Ljóst varð þegar leið á daginn að ekki hafði verið um eldgos að ræða. Sigrún segir að sérfræðingar

Veðurstofunnar hafi ekki brugðist of fljótt við, heldur hafi þvert á móti verið nauðsynlegt að bregðast við þeim merkjum sem skjálftamælakerfið sýndi. Því atburðarás getur verið mjög hröð í aðdraganda eldgoss. „Þetta var alveg rétt ákvörðun þegar hún var tekin. Í fyrri eldgosum hafa þessi gögn gefið til kynna að eldgos væri líklega hafið. Við töldum því rétt að bregðast við þessu strax,“ segir Sigrún. Engin önnur mælikerfi eða athuganir hafa staðfest að um gos hafi verið að ræða.

Grunnvatn?
Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir ekkert vitað um hvað olli óróanum eftir hádegis-á laugardaginn sem var túlkað sem gos-órói. Skiptar skoðanir séu hins vegar uppi. „Með þeim tækjum sem við höfum hefur ekki verið fylgst með atburði eins og þessum áður. Það þarf líklega að fara aftur til Gjalpargossins 1996 til að finna sambærilegan atburð, en þá voru mælakerfin öðruvísi og mælarnir náðu ekki eins langt inn á hálandið og nú er. Við erum alltaf að læra af því sem við sjáum. Við vitum ekki allt um hvernig þessi kerfi haga sér og hvaða merki þau senda frá sér við mismunandi aðstæður,“ segir Magnús Tumi og bætir við að þeirri tilgátu hafi verið kastað fram að kvikan undir Dyngju-

jökli hafi komist í snertingu við grunnvatn, þarna eru sprungur og grunnvatnskerfi, og þessi merki hafi þess vegna komið fram í mælakerfinu. Þetta sé þó ekkert annað en ein kenning og ósönnuð með öllu. Magnús Tumi útilokar bilun í tækjabúnaði því merkin hafi komið fram á nokkrum stöðum. „Þetta var raunverulegt merki en ekki eldgos.“

270 milljónir rúmmetra
Á annað þúsund jarðskjálftar höfðu mælst síðasta sólarhringinn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi; bæði við öskjuna í Bárðarbungu og við norðurenda berggangsins við sporð Dyngjujökuls. Flestir skjálftanna eiga sér stað við norðurenda gangsins, en jarðskjálftavirknin er nú komin á svæði norðan Dyngjujökuls en svo virðist sem lítilliga hafi hægt hafi á framræð kvikunnar. Tveir jarðskjálftar stærri en 5,0 stig hafa mælst í öskjubarmi Bárðarbungu og eru þeir stærstu í öskjunni síðan fyrir Gjalpargosið 1996. Nýjustu gögn frá GPS-landmælingum benda til þess að kvika sé enn að flæða inn í bergganginn undir Dyngjujökli og að hann sé að lengjast til norðurs. Líkanreikningar sem byggðir eru á GPS-gögnum gefa til kynna að heildarrúmmál kviku í bergganginum sé orðið um 270 milljón rúmmetrar.



MÆLAR SETTIR UPP Mælitæki sett upp vegna óróans undir Vatnajökli. Þyrlla Landhelgisgæslunnar var notuð til að flytja tækin upp á hálandið. Í fjarska sjást Hágöngu. MYND/VI

„Þetta var alveg rétt ákvörðun þegar hún var tekin. Í fyrri eldgosum hafa þessi gögn gefið til kynna að eldgos sé líklega hafið. Við töldum því rétt að bregðast við þessu strax.“
Sigrún Karlsdóttir náttúruvárstjóri

„Með þeim tækjum sem við höfum hefur ekki verið fylgst með atburði eins og þessum áður. Það þarf líklega að fara aftur til Gjalpargossins 1996 til að finna sambærilegan atburð, en þá voru mælakerfin öðruvísi...“
Magnús Tumi Guðmundsson prófessor



Snertilausar greiðslur í posum

Valitor býður hraðvirka og örugga posa sem gerir söluaðilum kleift að taka við **snertilausum greiðslum**.

Söluaðilar eiga þess kost að fá uppfærslu á posabúnað sinn og geta þá boðið viðskiptavinum sínum að greiða með síma eða **snertilausu korti** auk hefðbundinna greiðsluleiða.

Þú sérð um **söluna** – við sjáum um **greiðsluna**

VALITOR

Ísrealismenn sprengdu hús: Sautján særðust

ÍSRAEL Ísraelsher er með mikinn viðbúnað við landamærin að Gasa þar sem skriðdrekar eru í viðbragðsstöðu ásamt farartækjum til að flytja hermenn yfir landamærin. Egiptar hvöttu Ísraelismenn og Palestínumenn um helgina til að snúa aftur að samningaborðinu en átök héldu áfram þrátt fyrir það með loftárásum Ísraelsmanna, sem meðal annars gjöreyðilögðu 13 hæða hús í Gasaborg. Sautján manns særðust. Palestínumenn skutu svo eldflaugum yfir til Ísraels og særðust tveir í þeim árásum. - hmp

Átján fundust látnir um borð í gúmmíbáti skammt undan Sikiley:

Vilja aðstoð vegna flóttamanna

ÍTALÍA Ítalska strandgæslan fann átján lík um borð í gúmmíbáti skammt undan Sikiley í gær. Báturinn fannst í víðtækum aðgerðum strandgæslunnar um helgina en alls var um 3.500 manns bjargað á Miðjarðarhafinu. Langflestir þeirra sem bjargað var koma frá Norður-Afríku í leit að betra lífi í Evrópu. Angelino Alfano, innanríkisráðherra Ítalíu, ítrekaði í kjölfarið það sem hann hefur áður sagt, að Evrópusambandið þyrfti að grípa



ANGELINO ALFANO

til aðgerða. AP-fréttaveitan segir að um hundrað þúsund hælisleitendur hafi komið að landi á Ítalíu það sem af er þessu ári. Stjórnvöld þar segjast eyða 9,5 milljónum evra á ári, tæplega einum og hálfum milljarði króna, í eftirlit í lofti og á láði.

til aðgerða.

AP-fréttaveitan segir að um hundrað þúsund hælisleitendur hafi komið að landi á Ítalíu það sem af er þessu ári. Stjórnvöld þar segjast eyða 9,5 milljónum evra á ári, tæplega einum og hálfum milljarði króna, í eftirlit í lofti og á láði.

Viðbúnaðurinn var aukinn eftir að 360 hælisleitendur drukkuðu við eyjuna Lampedusa í október.

Alfano innanríkisráðherra sagði að Ítalir myndu taka til sinna ráða ef Evrópusambandið kæmi þeim ekki til aðstoðar.

Cecilia Malmstrom, innanríkisráðgjafi ESB, þakkaði Ítölum fyrir aðstoðina. Í tilkynningu fá henni segir að fundað verði með Alfano um forgangsröðun og aðstoð. sko@frettabladid.is

Breskur rappari grunaður: Böðull Foleys sagður fundinn

BRETLAND Breskir miðlar fullyrða að breska lögreglan hafi borið kennsl á böðul bandaríska blaðamannsins James Foley. Sá grunaði er sagður vera Abdel-Majed Abdel Bary, 24 ára gamall breskur rappari. Bary birti nýlega mynd af sjálfum sér á Twitter þar sem hann sést halda á afskornu höfði. Morðið á Foley var tekið upp og síðar birt á YouTube undir heitinu „Skilaboð til Ameríku“. Böðullinn á myndbandinu var grímuklæddur og talaði ensku með breskum hreim. - Af

270 milljónir rúmmetra af kviku

Skjálftavirkni er mikil undir Dyngjujökli og hefur færst í aukana yfir helgina. Norðurendi berggangsins sem hefur myndast undir jöklinum nær nú norður fyrir jökulinn. Versta hugsanlega sviðsmyndin að allur berggangurinn opnast sem sprunga, segir eldfjallafræðingur.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Berggangurinn undir Dyngjujökli, sem hefur verið að lengjast til norðausturs frá Bárðarbungu, nær nú líklega út fyrir jökulsporðinn. Þetta er mat jarðvísindamanna hjá Veðurstofunni. Ekkert lát er á skjálftavirkni í Dyngjujökli og hefur hún verið mikil síðustu sólarhringana.

Sara Barsotti, fagstjóri eldfjallavár Veðurstofunnar, telur mikið magn kviku vera undir jöklinum og að gos sé líklegt samkvæmt þeim mælingum sem fyrir liggja.



SARA BARSOTTI

Þetta gríðarlega mikla magn sé bæði í bergganginum og undir öskju Bárðarbungu. „Við erum að lesa af GPS-mælum okkar og reyna að bera saman við þau líkön sem við vinnum með. Með því að sam-

lesa gögn úr ólíkum áttum getum við reynt að áætla hversu mikil kvika liggir undir jöklinum. Út frá þeim útreikningum teljum við að magn kviku, sem liggur á nokkurra kílómetra dýpi undir jöklinum, sé um 0,27 rúmkílómetrar, eða 270 milljónir rúmmetra. Þetta er nokkuð mikið magn og virknin er ennþá mjög mikil.“

Berggangur nær undan jökli

Kvikan hefur síðan skjálftavirkni hófst í Bárðarbungu verið að færa sig inn berggang sem liggur í norðaustur frá Bárðarbungu undir Dyngjujökul. Sara telur að berggangurinn sé nú um 30 kílómetra langur og stefnan hafi verið að breytast úr því að vera í norðaustur í norð-norðaustur. „Við getum séð að skjálftavirknin er mikil við bergganginn og hefur verið að aukast síðustu daga. Við metum lengd berggangsins út frá skjálftum sem mynda þyrpingar undir Dyngjujökli.“

Berggangurinn hefur lengst jafnt og þétt þó gangagerð náttúrunnar hafi tekið kipp um helgina. Telja jarðvísindamenn að hann hafi lengst um nokkra kílómetra yfir helgina.

„Nú er svo komið, þegar við skoðum skjálftana við norður-

enda gangsins, að við teljum að hann hafi náð undir svæði sem er jökullaust. Það þýðir að nú er möguleiki á gosi á jökullausu svæði, sem myndi aðeins þýða hraungos. Þess lags gos ylli mun minna tjóni en sprengigos undir jökli,“ segir Sara.

Að hennar mati er ekkert líklegt að gos komi á jökullausu svæði frekar en undir jökli. Í raun sé lítið hægt að spá fyrir um það.

Líklegt að það endi með gosi

Gosóróinn á svæðinu hefur nú staðið yfir í viku. Óróinn hefur verið breytilegur á þessu tímabili en skjálftavirkninni hefur vaxið ásmegin síðustu daga. Þúsundir skjálfta mælast á mælum Veðurstofunnar daglega. Sara telur líklegt að atburðarásin sem við horfum upp á núna endi með gosi í Dyngjujökli. „Mér kæmi það ekki á óvart að við myndum sjá þetta enda með eldgosi. Mér þykir ólíklegt að þetta fjari út án þess að gos verði. Hins vegar er það alveg möguleiki og ekki hægt að útiloka það. En tímaáinn er eitthvað sem við getum ekki túlkað. Hvort þetta endi með gosi á næstu klukkustundum, næstu dögum, vikum eða jafnvel mánuðum.“



ELDGOS LÍKLEGT Um 270 milljónir rúmmetra af kviku eru taldar vera undir Dyngjujökli. Líklegt þykir að atburðarásin endi með eldgosi þó ekki sé vitað hversu langt sé í það.

→ 540 Vaðlaheiðargöng

Magn þeirrar kviku sem er nú undir Dyngjujökli og Bárðarbungu er talið vera um 270 milljónir rúmmetra. Til samanburðar mun það efni sem fæst úr greftri Vaðlaheiðarganga vera „aðeins“ um 500.000 rúmmetrar. Því gæti kvikan undir Dyngjujökli fyllt 540 Vaðlaheiðargöng.

→ Fimm Hvalfjarðargöng

Berggangurinn er nú talinn um 30 kílómetrar að lengd. Til samanburðar eru Hvalfjarðargöng 5,7 kílómetrar. Berggangurinn er því á við ríflega fimm göng undir Hvalfjörðinn.

TÓNLISTARSKÓLI FÍH

auglýsir



Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.

Getum tekið inn nemendur í örfá laus láss nú þegar á eftirfarandi hljóðfæri: Klassískt píanó, slagverk og rafbassa.

Getum tekið inn nemendur í örfá laus pláss nú þegar á eftirfarandi hljóðfæri: Klassískt píanó, slagverk og rafbassa.

Áhugasamir hafið samband við skrifstofu skólans í síma 5888956 eða sendið fyrirspurn á julia@fih.is



VANTAR FÓLK Heiða, Kristín og Barbara hjá AUS auglýsa eftir íslenskum fjölskyldum.

Enginn hefur fengist til að taka við skiptinemum:

AUS vantar fjölskyldur

SAMFÉLAGSMÁL „Það hefur engin fjölskylda boðist til að taka við skiptinema í ár,“ segir Kristín Björnsdóttir, framkvæmdastjóri skiptinemasamtakanna AUS.

„Við höfum verið með fjórar til fimm fjölskyldur sem tekið hafa á móti skiptinemum undanfarið ár,“ segir Kristín en talsvert liggur á að finna fjölskyldur. „Við eigum von á tæplega tuttugu manns í þessari og næstu viku en okkur vantar fjölskyldu fyrir fimm manns. Við erum með bráðabirgðaúræði fyrir einhverja.“

Finnist engar fjölskyldur verður skiptinemunum úthlutað leiguhúsnæði. Kristín segir að AUS samtökin geti lent í fjárhagserfiðleikum vegna þess. „Samtökin eru ekki regin í hagnaðarskyni og því er ekki til mikill varasjóður.“

Kristín bætir við að það geti verið afar gefandi að taka að sér skiptinema. „Þetta lífgar upp á fjölskyldulífið. Það er ekki bara verið að gefa og gefa. Maður fær svo mikið til baka. Fólk heldur að þetta sé svo mikil vinna en það er alls ekki,“ segir Kristín. - ih

GRIFFILL OFTAST MEÐ LÆGSTA VERÐIÐ!

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á nýjum og notuðum skólabókum fyrir framhaldsskóla í bókaverslunum á höfuðborgarsvæðinu sl. þriðjudag. Farið var í 6 verslanir og skoðað verð á 32 algengum nýjum námsbókum og borið saman innkaups- og útsöluverð á 25 notuðum námsbókum á þremur skiptibókamörkuðum.

Griffill er ódýrastur samkvæmt verðkönnun ASÍ. Griffill var oftast með lægsta útsöluverðið.



LAUGARDALSHÖLL

GRIFFILL MARKAÐUR!

GRIFFILL SÍMI: 533-1010
WWW.GRIFFILL.IS
LAUGARDALSHÖLL

OPNUNARTÍMAR:
MÁN-FÖS 10-22
LAUGARDAGUR 11-22
SUNNUDAGUR 13 - 22

GRIFFILL



LIF
ANDI
JAFNVÆGI

Að lifa í jafnvægi

Holl fæða hjálpar okkur að skapa stöðugleika í líkamanum og lífinu.

Ab vörurnar stuðla að lifandi jafnvægi.



SUMARBLÍÐA Á BÍLDUDAL Þá sem horfðu á veðurfréttirnar 5. ágúst hefur örugglega ekki fýst í að fara vestur. Þar voru sýnd fimm stig á Vestfjörðum meðan þau reyndust um 14 á Bíldudal.

Arnfirðingar vilja breyta veðurkortinu

Arnfirðingafélagið segir að veðurkortinu gefi kuldalega mynd af veðurfari á Vestfjörðum sem hafi síðan slæm áhrif á ferðabjónustu á svæðinu. Veðurfræðingur segist skilja gagnrýnina og að breytinga sé að vænta á framsetningu veðurfrétta.

MANNLÍF „Það er náttúrulega ekkert vit í því að hitatölur frá annesjum við ystu höf séu látnar standa fyrir veðrið á Vestfjörðum,“ segir Valdimar Gunnarsson, félagi í Arnfirðingafélaginu. Hann sendi Veðurstofnunni bréf þar sem það er gagnrýnt að veðurmælingar frá veðurathugunarstöðinni í Bolungarvík séu látnar standa fyrir veðurfari á Vestfjörðum á yfirlitskortinu.

VALDIMAR GUNNARSSON

Þar segir að þann 5. ágúst síðastliðinn hafi yfirlitskort-
ið í veðurfréttatímanum sagt að fimm stig væru á Vestfjörðum en þá voru Bílddælingar að sleikja sólina í fjórtán stiga hita.

Valdimar segir að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað á Bíldudal undanfarin ár en íslenskum ferðamönnum síður enda sé ekki mikill hvati til þess að bregða sér vestur þegar svo lágar hitatölur séu látnar segja til um veðurfarið fyrir vestan. „Það er því mikið í húfi fyrir ferðabjónustuna á Vestfjörðum,“ segir Valdimar.

„Já, það er oft töluvert kaldara

þarna yst við Djúp en í Arnfirði, sérstaklega í norðaustanátt á sumrin, þetta er alveg rétt,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur. Hann hefur þegar brugðist við gagnrýninni. „Ég fór að bæta við hitatölum sem gætu staðið fyrir Bíldudal þá daga sem líklegt er að einhverju muni í hita og hvatti féлага mína til að fylgja fordæminu. En við erum að fara yfir þessi mál núna og ráða ráðum okkar en það eru fleiri staðir á landinu í hliðstæðri stöðu.“ Hann nefnir sem dæmi að stundum sé þoka og frekar svalt niðri á Austfjörðum en á sama tíma heiðskirt og afar hlýtt uppi á Héraði. Hitatala frá öðrum hvorum staðnum er því ekki lýsandi fyrir svæðið í slíkum tilfellum.

Hann segir breytinga að vænta með haustinu. „Hugmyndin sem er uppi núna er að fækka táknum svo hægt sé að hafa fleiri hitatölur inni. Við gætum síðan sagt frá skýjafari og vindi í öðrum kortum.“

Haraldur segir veðursældina á Bíldudal vera sér vel ljósa frá því komið var þar upp sjálfvirkri veðurathugunarstöð árið 1998. Hún hefur orðið tilefni skrifa í erlend fræðirit.

jse@frettabladid.is



**BORGARLEIKHÚS-
BLAÐIÐ KEMUR
Á MIÐVIKUDAGINN!**

LOKADAGAR

SPARIDAGA

SAMSUNG SETRIÐ



Allar SAMSUNG vörurnar eru á tilboði á SPARIDÖGUM



UExxH6475SU

SAMSUNG

LED 3D Smart TV

- Sería: 6470
- Upplausn: 1920 x 1080
- Clear Motion Rate 400Hz
- Netvafi: Já
- Örgjörvi: Quad Core
- USB Movie: Já
- Sjónvarpsmóttakari: Stafrænn DVB-T / C x1, Gervihnatta x1, Analog x1

~~239.900~~
SPARIDAGAVERÐ

48" **199.900**

~~329.900~~
SPARIDAGAVERÐ

55" **279.900**

~~649.900~~
SPARIDAGAVERÐ

65" **549.900**

SAMSUNG SHOOT WOW! SHARE NOW! NX1000



Highly recommended
★★★★★
PhotographyBlog.com

30.000
króna
afsláttur

Frábær myndavél sem uppfyllir kröfur fagmannsins

20.3 milljón pixlar · 20-50 mm linsa fylgir · APS-CMOS Sensor · Direct Wi-Fi · I-Function linsa · Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek. · ISO 100-12800 · Hristivörn (DIS og OIS innbyggð) · Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði

~~99.900~~ TILBOÐSVERÐ **69.900**

TILBOÐS
VERÐ Á
FRÁBÆRUM
KÆLI OG
FRYSTI-
SKÁPUM



15%
afsláttur

SAMSUNG



WF1702
Þvottavél
7 kg · 1200 sn/mín
SPARIDAGAVERÐ
79.900

WF80F7E3P6W
Þvottavél
8 kg · 1400 sn/mín
SPARIDAGAVERÐ
139.000

SAMSUNG

Eco Bubble

NV6355DGSSR



Bakstursofn, blástursofn
Lítrar: 70
Lítr: Burstað stál
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunar-
plötur og 1 grind

~~176.900~~
SPARIDAGAVERÐ
99.900

BF64CCBW



Bakstursofn, blástursofn
Lítrar: 65
Prýstisnerlar og prýstihnaðar
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunar-
plötur og 1 grind

~~139.900~~
SPARIDAGAVERÐ
89.900

**0%
vextir**
Vaxtalausar
raðgreiðslur
í tólf mánuði!

NZ64F3NM1AB



Spanhelluborð
niðurfellanlegt
Heildar afl 6.800 W
Tækjamál:
590x520x57mm

~~149.900~~
SPARIDAGAVERÐ
94.900

NZ633NCNBK



Spanhelluborð
niðurfellanlegt
Ein stór hella og ein "multizone"
Heildar afl 7.200 W
Tækjamál:
575x505x56 mm

~~144.900~~
SPARIDAGAVERÐ
94.900

HDC6475TG



50%
afsláttur

Veggháfur, stál
Breidd: 60 cm.
Mesta sogafll:
753 m3/klst

~~179.900~~
SPARIDAGAVERÐ
89.950

SAMSUNG

Komdu og gerðu frábær kaup!

SAMSUNG SETRIÐ

SAMSUNG-SETRID ER HLUTI AF ORMSSON EHF.

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18 · LAUGARDAGA KL.12-16

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18 · LAUGARDAGA KL.11-15

KVÍKA

Flókið virðisaukaskattskerfi:

Ferðþjónustan getur greitt sitt

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur boðað breytingar á virðisaukaskatti og stefnt er að því að þær breytingar taki gildi um næstu áramót. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, sagði í fréttum Bylgjunnar í síðustu viku að þessar breytingar ættu að ná til ferðþjónustunnar sem býr við flókið og torskilið skattkerfi. „Þegar ég hef skoðað þessi skattamál betur núna síðustu mánuði er ég eiginlega komin á þá skoðun að við ættum að hækka virðisaukaskattinn á ferðþjónustuna vegna þess að nú er velta ferðþjónustunnar orðin meiri en sjávarútvegsins,“ sagði Vigdís.



Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is

Á Íslandi er virðisaukaskattur ýmist sjö eða tuttugu og fimm komma fimm prósent. Reyndar er þetta enn flóknara þegar ferðþjónustan er annars vegar því sumt ber engan virðisaukaskatt, eins og til dæmis fólksflutningar, innanlands- og millilandaflug auk fargjalds í ferjur og hópferðabíla og auðvitað leigubíla. Það er enginn virðisaukaskattur rukkaður þegar þú tekur leigubíl en ef þú leigir bílaleigubíl er vaskurinn svokallaði tuttugu og fimm komma fimm prósent. Flækjustigið endar ekki hér því ef þú leigir þér kajak eða hest eða köfunarbúnað þarftu að borga vask. En ef um skipulagða hópferð er að ræða með fararstjóra þá er enginn vaskur af hvalaskoðuninni, hestaferðinni eða sjóstangaveiðinni.

Alls konar glufur eru í kerfinu sem valda ruglingi eins og til dæmis að ef einhver kaupir sér leyfi til að veiða fimm fiska í vatni þarf söluaðili að rukka virðisaukaskatt en veiðileyfi í vatni, ef ekki er tilgreint hversu margir fiskar ætlað er að veiðist, er leyfið undanþegið vaski. Eins og Vigdís benti á í síðustu viku þá var þetta kerfi á sínum tíma hugsað til að styðja við nýja atvinnugrein sem átti erfitt uppdráttar. Nú hins vegar er þetta orðin ein aðalatvinnugrein okkar og svo mikil er sóknin og aukningin að það stórsér á landinu okkar. Ríkiskassinn þarf tilfinnanlega á fjármunum að halda til að mæta þessum mikla ágangi ferðamanna og því sjálfsagt að rukka virðisaukaskatt.

Þjarni Benediktsson hefur boðað að breytingarnar sem hann vill gera á kerfinu séu til einföldunar, lækka jafnvel efra þrepið og hækka það neðra og fækka undanþágum; skynsamlegt því undanþágurnar eiga að vera fáar sem engar. Mikilvægt er að allir sitji við sama borð. Hugsanlega geta einhverjar undanþágur frá þeirri reglu verið nauðsynlegar en það verður að hugsa þá hugsun til enda og heildrænt. Ekki þýðir að miða við stöðu einhvers eins í dag, ef það leiðir óhjákvæmilega til kerfis sem er óskiljanlegt og götött – stagbæta svo í glufurnar þannig að þetta fer meira og minna í sjálft sig. Að öllu jöfnu ætti skattkerfið að vera einfalt, gegnsætt og beinskeytt. Að menn gleymi ekki tilganginum. Þannig er það ekki í dag.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vinsæl staða

Það er greinilega eftirsóknarvert að starfa í pólitík. Í það minnsta létu svörin ekki á sér standa þegar Björt framtíð ákvað að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra flokksins. Það bárust 58 umsóknir um stöðuna, en ekki hefur verið uppljóstrað hver hlýtur hana. Atli Fannar Bjarkason, fyrrverandi blaðamaður á Blaðinu og Fréttablaðinu, gegndi starfinu um skeið en hann hefur nú snúið sér að blaðamennsku á nýjan leik og heldur úti eigin vefriti.

Íslenska Hraunið

Pau Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir



innanríkisráðherra kynntu sér stöðu mála í Samhæfingarmiðstöð Almanna- varna í Skógarhlíð á laugardag. Eftir heimsóknina hrósaði Sigmundur Davíð viðbragðsaðilum fyrir fagmennsku. „Ég leit við í stjórnstöðinni í Skógarhlíð. Þar voru menn rólegir en við öllu búinir. Ekki skemmdi fyrir að sjá að fólkíð var að borða Hraun og drekka gos,“ sagði Sigmundur Davíð. Ráðherrann er meðal annars þekktur fyrir að hafa kynnt til sögunnar íslenska kúrin til að fækka kílóum. Hann hefur hins vegar ekkert sagt um það hvort gamla góða súkkul- aðihraunið sé hluti af þeim kúr.



Stefnir í spennu

Það er sennilegast ekki heilbrigðis- merki á stjórnarsamstarfinu að meira en hálfum mánuði áður en þingstórf hefjast er kominn upp ágreiningur um fjárlagafrumvarpið. Bjarni Benediktsson hefur í allt sumar unnið að því að einfalda skattkerfið, meðal annars með breytingum á virðisaukaskatti. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, hefur fyrirfram lýst sig andvíga slíkum breytingum og hið sama á við um Sigrúnu Magnúsdóttir þingmann Framsóknar- flokksins. Einfalt skattkerfi er eitt af grundvallaratriðum í stefnu Sjálfstæðisflokksins og því er víst að það gæti skapast spennu á stjórnarheimilinu þegar líður á haustið.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson
 ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**BORGARLEIKHÚS-
BLAÐIÐ KEMUR
Á MIÐVIKUDAGINN!**

Mamma och pappa kann flytta men jag blir kvar

HEILBRIGÐISMÁL



Eyjólfur Þorkelsson lækni

Sérnam í læknisfræði er langt og dýrt. Árum saman hefur íslenskt samfélag hins vegar notið þess að íslenskir lækmar hafa sérmenntað sig erlendis án nokkurra fjár- útláta íslenska ríkisins en eðlilega með tals- verðum kostnaði viðkomandi fjölskyldu. Því það er erfitt að flytja fjölskylduna milli landa; komast inn í kerfið, finna nýja vinnu og skóla við allra hæfi, meta hvort nýju laun- in svari kostnaði við flutninginn. Ekki síst er erfitt að slíta vinabönd barna og fullorðinna. Þessir erfiðleikar eru stærsta ógn íslensks heilbrigðiskerfis núna og í nánustu framtíð.

Sérnam í læknisfræði tekur 5-7 ár auk þess sem flestir vinna nokkru árum lengur til að bæta við sig þekkingu og færni sem gagnast þeim sjálfum og sjúklingum þeirra. Eftir 7-10 ár er hins vegar orðið mjög erfitt að slíta vinaböndin, og verður æ erfiðara með hverju árinu sem líður. Reynsla flestra er sú að ljúki barn grunnskóla og hefji menntaskólanám erlendis sé nær borin von að það flendist á Íslandi, þó fjölskyldan flytji aftur til baka. Hví þá að flytja yfirhöfuð?

Launaþróun lækna hefur ekki haldið í við launaþróun annarra háskólamenntaðra stétta og eru íslenskir lækmar algjörir eftir-

→ Launaþróun lækna hefur ekki haldið í við launaþróun annarra háskólamenntaðra stétta og eru íslenskir lækmar algjörir eftirbátar lækna í nágrannalöndum hvað laun varðar.

bátar lækna í nágrannalöndum hvað laun varðar. Enda hafa snöggtum færri lækmar flutt til Íslands en nokkru sinni á síðari árum. Starfandi læknum á Íslandi hefur því fækkað og meðalaldur þeirra hækkað mikið. Samfara þessu eykst álagið og vinnugleðin minnkar í neikvæðum spíral sem verður að rjúfa eigi ekki að fara illa.

Því meðan flutningur svarar ekki kostnaði og vinnuálag skerðir lífsgæði fjölskyldunnar mun fólk ekki sjá sér hag í að flytja heim. Og því lengur sem það dvelur úti, þeim mun ólíklegur er að það flytji nokkru sinni heim.

Tími smáskammtalækninga er liðinn. Kyrrstaða og „þetta reddast“ er ávísun á afturför. Stjórnvöld þurfa nú þegar að fá lækna til að starfa hér – að öðrum kosti að axla ábyrgðina á því að íslenska heilbrigðis- kerfið drabbaðist niður á þeirra vakt.

Tíðindalaust á norðurgosstöðvunum

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Gaus? Eða gýs? Hvenær, hvernig? Á eftir? Verður þetta svona næstu tíu ár? Í hverjum fréttatíma segja ábúðarmiklir fréttamenn í gulum vestum og íbyggir vísindamenn okkur að þá og þegar geti allt gerst – eða ekkert ... Það verður hvað sem öðru líður að teljast fremur óvenjulegt í sögu náttúruhamfara á Íslandi, að menn skuli greina á um það hvort þær hafi yfirleitt átt sér stað. Það eina sem við vitum er að Jörðin er máttug. Það eina sem við vitum er að náttúran er síkvik.

Kannski verður komið gos þegar þetta er lesið á mánudagsmorgni; kannski ekki. Náttúran fer sínu fram og okkar brölt skiptir þar engu máli. Það gerist sem gerist. Allt hefur allt sínar ástæður, sitt orsakasamband, sína röð atvika, sem vísindamenn eiga eftir að rýna í og læra af svo að þeir geti haldið áfram að ráða í líkindi komandi atburða.

En þetta er það eina sem við vitum: Við erum stödd í óvissunni miðri. Það leggst misjafnlega í okkur, sem vonlegt er. Einkum á margt fjölmiðlafólk erfitt með að sætta sig við svo óljósa tilvistarlega stöðu: það hefur vanist því að annaðhvort sé eitthvað að gerast eða ekki;

annaðhvort sé frétt eða engin frétt. Nú býr það við stöðugar ófréttir, sem þó eru ekki ótíðindi, og heldur ekki tíðindaleysi – heldur meira eins og hnenni sem ætlar aldrei að koma ...

Í óvissunni miðri

Við eru stödd á því sviði í samskiptum manns og náttúru sem trúin fæst við. Þjóðkirkjan minnti einmitt á sig í síðustu viku vegna áforma um að afleggja lestur kvölds og morgna í Ríkisútvarpinu á kristilegum textum, og skarst þar enn í odda með þeim sem telja samfélagið sekularíserað með öllu og vilja hafa það þannig áfram og hinum sem eiga erfitt með að sjá að baki því samfélagi þegar kirkja og kristni hafði hönd í bagga með daglegu lífi landsmanna kvölds og morgna.

Ég veit það ekki. Trú fer fram á öðru sviði vitundarlífsins en vísindalegur þankagangur og ber að sýna henni virðingu; líka þörf fólks fyrir samfélag við aðrar trúaðar sálir, með bæna-gjörð. Ég verð þó að játa að mér finnst að trúin eigi að fást við samband mannsins við Jörðina undir fótum sér og glímu við þá miklu ráðgátu sem hver manneskja stendur oft frammi fyrir á ævinni: Hvað er ég eiginlega að gera hér? Ég hef alltaf haldið að trúin vaxi fram í glímu við þá gátu og aðrar sem vísindin veita engin svör við, og um leið það undur að grös og gróður og og allt þetta líf skuli vaxa á Jörðinni. Vísindin lýsa vissulega þessu öllu af innsæi, feegurð og snilld – enda náttúrufræðin

„allra vísinda indælust“, eins og Jónas Hallgrímsson sagði – en þau lýsa því bara. Trúarbrögðin eru eins og skáldskapurinn tilraun til þess að hugsa í líkingamáli um tilveruna sjálfa.

En sum sé: íslensk náttúra lætur á sér kræla um þessar mundir – gerir allt ótryggt í kringum sig – við finnum til smæðar okkar og vanmáttar um leið og við horfumst í augu við ógnaröflin sem búa undir þeirri Jörð sem við göngum á. Séu til sérstök íslensk trúarbrögð þá snúast þau meira og minna um þetta ótrygga samband, allt hið ófyrirséða í náttúrunni á þessu einkennilega landi, hið hættulega, hið fagra og ógnarlega.

Eru álfar kannski enn?

Þetta rifjaðist upp í vikunni þegar síðasta hefti af Grapevine kom út, þessu fina blaði sem gefið er út á ensku og ætlað er fróðleiksfúsum ferðamönnum og Íslandsvinum og Íslendingum sem vilja stundum hugsa um sig utan frá. Grapevine fjallar stundum um íslensk feimnismál, bæði glaðhlakkalega og hlýlega: nú síðast íslenska álfatrú.

Maður sér henni oft hallmælt þessari gömlu trú, þessari tilfinningu fyrir landinu sem lýsir sér í þeirri hugmynd að hólar og steinar og klettur séu kvikir af lífi sem fari fram á eigin forsendum utan mannlegs vilja. Það fer í taugarnar á mörgum Íslendingum að margir útlendingar skuli standa í þeirri meiningu að þessi trú sé hér almenn og útbreidd; mörgum finnst gert lítið út okkur, við séum gerð að

Við erum stödd í óvissunni miðri. Það leggst misjafnlega í okkur, sem vonlegt er. Einkum á margt fjölmiðlafólk erfitt með að sætta sig við svo óljósa tilvistarlega stöðu.

hálfgerðum hobbitum, náttúru-börnum, frumstæðu fólki, í stað þess að okkur sé lýst sem faguðu og nútímalegu og trúlausu borgarfólki, eins og sjálfmynd þessa fólks kveður á um. Það fyrirverður sig eins og þriðju kynslóðar forframaður nýlendingur fyrir ömmu sína sem enn talar málið frá gamla landinu. Ég veit það ekki. Eru álfar kannski menn? Ég held ekki: hvað sem þeir kunna að vera eru þeir allt annað en menn. Þeir eru náttúruafl. Og í tjörnum nykrar en marbendlar í fjörum, marmennlar og fjörulallar; skottur og mórur skjótast um í rökkirinu, skoffin og skuggabaldur en Þorgeirsboli þarna úti í þokunni fnæsandi. Öll þessi ógn í þögninni sem er svo algjör í íslenskri náttúru; allir þessi kraftar sem geta eytt manni á svipstundu, án þess að maður fái rönd við reist; þetta mætist allt svo einkennilega í trúnni á huldufólk sem í íslenskri þjóðtrú er síkvikt afl, dyntótt og frjálst, og krefur þig um það eitt að ganga sómasamlega um – ella munirðu hafa verra af.

AF NETINU

Ósamræmi álitsgjafa

Fróðlegt var að hlusta á álitsgjafana á Sprengisandi í morgun. Í umræðunni um skattamál sagði annar álitsgjafinn, í hneykslunartóni, að margir hagsmunadilar í atvinnurekstri vildu helst ekki greiða skatta til samfélagsins og nefndi meðal annars útgerðina, þrátt fyrir að sú atvinnugrein sé skattlögð meira en allar aðrar í landinu. Sami álitsgjafi var þó spenntur fyrir því að minnka muninn milli skattþrepa í virðisaukaskatti og draga úr undanþágum.

En bókaútgáfa, sem er í miklum blóma að hans sögn, átti samt ekki að greiða neinn virðisauka þótt rétt væri að hækka þá á alla aðra. Svo vorum við stjórnmalamenn skammaðir fyrir að láta undan hagsmunadilum í sjávarútvegi, landbúnaði, stóriðju og ferðamennsku og skort á pólitísku hugrekki og þreki. En þegar kom að hugðarefnum álitsgjafanna var samstaða með hagsmunadilum orðin afar mikilvæg. Og þá skipti allt í einu minna máli jafnræði milli atvinnugreina.

http://www.pressan.is/pressu-pennar/Brynjar_Nielsson

Brynjar Nielsson þingmaður

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.



 **Leidrettingin**

Munið að sækja um fyrir 1. september

Við hvetjum þá viðskiptavini Íslandsbanka sem eru með húsnæðislán hjá okkur eða öðrum lánastofnunum til að sækja um höfuðstólsleiðréttingu vegna verðtryggðra húsnæðislána.

Þú getur sótt um leiðréttinguna með einföldum hætti á vef ríkisskattstjóra, www.leidretting.is. Fresturinn rennur út 1. september.

Til að vera viss um að þú fullnýtir séreignarsparnaðinn þinn til að greiða inn á lán þarf einnig að sækja um það sérstaklega fyrir 1. september á vef ríkisskattstjóra, www.leidretting.is

Íslandsbanki bendir viðskiptavinum sínum á að kynna sér leiðréttinguna vel á islandsbanki.is/leidretting



MERKISATBURÐIR

- 1609** Galileo Galilei sýndi nokkrum feneyskum kaupmönnum stjörnufræði sem hann notaði til að skoða tungl Júpíters og afsanna þannig jarðmiðjukenninguna.
- 1718** Borgin New Orleans var stofnuð í Louisiana.
- 1825** Úrúgvæ lýsti yfir sjálfstæði frá Brasilíu.
- 1912** Þjóðernisflokkur Kína, Kuomintang, stofnaður.
- 1907** Prentsmiðja var stofnuð í Hafnarfirði og prentun Fjallkonunnar flutt þangað.
- 1944** Bandamenn frelsuðu París í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1960** Sumarólympíuleikar voru settir í Róm.
- 1970** Stífla var sprengd í Miðkvísl í Laxá í Suður-Pingeyjar-sýslu í mótmælaskyni við stækkun Laxárvirkjunar.
- 1980** Microsoft kynnti sína útgáfu af Unix, Xenix.



Elskuleg móðir okkar
og amma, dóttir, systir og frænka,

SUSAN AUÐUR SCH. THORSTEINSSON Óðinsvéum, Danmörku,

lést í bílslysi í Danmörku þann 15. ágúst.
Minningarathöfn verður haldin í Fossvogs-
kapelli þann 27. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á söfnun fyrir langveik börn.

Vala og Tenna Sch. Thorsteinsson
Sylvester Sch. Eliasson
Margaret og Bent Sch. Thorsteinsson
systkini og fjölskyldur.



Í HENGIRÚMI Í GARÐINUM „Nú er ég bara ein af þeim kerlingum sem stinga höfðinu í sandinn og er ekkert leið fyrir því að vera orðin sextug,“ segir Þórunn.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

Draumur um að halda afmæli dugar alveg fullt

Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir rithöfundur er sextug í dag og segir hér frá afmælisfagnaðinum sem hún ætlaði að halda en rann á rassinn með – en fyrst kemur formáli.

Þegar tekist hefur að telja Þórunni á að vera í viðtali vegna sextugsafmælisins í dag er eftir að ræða myndamálin. „Æ, það er nú alltaf erfiðast,“ stynur hún. „Það er til hryllilega mikið af ónothæfum myndum af mér úti um allan bæ. En mér er svo sem alveg sama – þó mér sé ekki sama – þú veist hvað maður er settur saman úr mörgum sýslum!“

Í framhaldi af því er hún beðin að segja frá einhverjum „sýslum“ sem hún býr yfir.

„Ég var sko búin að fréttu frá Danmörku að það væri voða flott að vera sextug kona,“ byrjar hún. „Það væri alveg nýtt, enda entust kerlingar orðið svo vel, væru úti um allt á listviðburðum og vissu allt best – nánast óþolandi!“

Ég hef tekið eftir að íslenskar konur fela sig oft á sextugsafmælum og fara í ferðalag – nema Hlín Agnars, hún bauð upp á leikhúsviðburð í Tjarnarbíói. Mér fannst það hetjulegt og datt í hug að gera eitthvað slíkt sjálf. En ég er búin að vera úti í Mexíkó í sumar og fór líka til Texas. Ég var heilt ár við

nám í Mexíkó þegar ég var 23 ára og var komin með heimþrá í annan heimshluta. Svo fékk ég geðveikt samviskubít. Ef maður á pening á maður auðvitað að gefa hann til góds málefnis en ekki splæsa honum í flugmiða fyrir sjálfan sig. Ein sýslan mín var ekki ánægð með þetta.

Yfirlétt held ég að flestir séu eins og ég, að áður en að stórafmælum kemur hugsi þeir: Hvernig í dauðanum á ég að leysa þetta? Þegar ég varð fimmtug bauð ég gestum í rútu á Þingvöll. Lilja systir hélt úti „kventett“ þá, blásturshljómsveit með fimm konum, sem byrjaði að spila í Almagnagjá þegar ég og gestir mínir gengum þar niður. Ég var búin að fá lánaðan pípuhatt og setti blómakrans sem mér var gefinn á höfuð Hjördísar Hákonardóttur, fyrsta kvensýslumanns landsins. Við leiddumst niður Almagnagjá og ég sagði undrandi túristum að við hefðum verið að gifta okkur og þeir urðu enn meira undrandi því þetta var áður en giftingar samkynhneigðra voru lögleiddar.

Svo þíndi ég alla til að ganga gjárnar, áður en við stoppuðum til að taka upp kampavín og heimabakað brauð og ost, það var ekkert sérlega fallett gagnvart Thor Vilhjálmsyni og Guðrúnu Ásmundsdóttur sem bæði voru eitthvað ófrísk í fótum þá, þannig að úr þessu varð smá samviskubít í einni sýslunni.“

En þarna varð svona náttúruvíma og nú þurfti ég að toppa þetta á sextugsafmælinu. Var búin að panta Kramhúsið á sunnudaginn og ætlaði að fá fólk til að dansa við mig en svo fór ég að átta mig á að ein vinkonan frá Akureyri og tengdamamma þyrftu að sitja allan tímann og þetta var allt að verða svo flókið að ég hætti við. En maður lifir alveg 75% í draumi þannig að draumur um að halda afmæli dugar alveg fullt. Svo nú er ég bara ein af þeim kerlingum sem stinga höfðinu í sandinn og er ekkert leið yfir því að vera orðin sextug heldur vonast til að eiga gleðilega rest.“

gun@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

HAUKUR ÓLAFSSON frá Bolungarvík, Stríkinu 2, Garðabæ,

lést föstudaginn 15. ágúst. Útför hans
fer fram frá Vídalinskirkju, Garðabæ,
þriðjudaginn 26. ágúst kl. 13.00.

Inga Guðbjörg Ingólfssdóttir
Jón Bæring Hauksson Anna Fosberg Kjartansdóttir
Jóhann Ólafur Hauksson Sjöfn Eydis Sigfúsdóttir
Ingólfur Hauksson Kristín María Kjartansdóttir
María Elfa Hauksdóttir Hrannar Þór Arason
Guðni Björn Hauksson
barnabörn og barnabarnabörn.



Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins
af fallegum legsteinum
og fylgihlutum hjá
Graníthöllinni

Graníthöllin
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888



Þegar andlát ber að höndum

önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

ÞÆGILEG ÓÞÆGINDI

Hönnuðurinn École Boule frá Möltu hefur hannað tveggja fóta stól. Markmiðið var að stóllinn væri þolanlega óþægilegur en yrði til þess að auka hreyfingu fólks í heimi þar sem langar setur eru orðnar æði langar.



Sjálfvirkur hurðaropnunar-
búnaður fyrir húsfélög og
fyrirtæki ásamt
uppsetningu og viðhaldi.

JARN&GLER

Járn og gler hf - Skútuvegur 1H
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 5858900 - www.jarngler.is



FALLEGIR FÆTUR
Það er gaman að vera
með fallega og mjúka
fætur á sumrin þegar
tækifæri gefast til að
vera í opnum skóm og
sandölum.
MYND/GETTY

SILKIMJÚKIR FÆTUR HEIMA Í STOFU

HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR Scholl Express Pedi er nýtt tæki á markaði sem fjarlægir harða húð á fótum fljótt og örugglega og áreynslulaust.

Hörð húð er eitt algengasta fótavandamál sem fólk glímir við. Hörð húð getur valdið óþægindum og með tímanum valdið miklum sársauka ef ekkert er gert til að fjarlægja hana. Regluleg fótumhirða dregur úr myndun á harðri húð og kemur í veg fyrir að fæturnir verði fyrir óþægindum.

„Express Pedi er tæki sem fjarlægir harða húð á fótunum með þægilegum og öruggum snúningshaus. Tækið gengur fyrir batteríum sem fylgja með við kaup. Það er auðvelt í notkun og án mikillar fyrirhafnar getur fólk fengið silkimjúka fætur heima í stofu hjá sér,“ segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni ehf.

Scholl Express Pedi-tækið er lítið og nett og auðvelt er að nota það. „Tækið vinnur vel á harðri húð og með reglulegri notkun má koma í veg fyrir myndun á henni. Beita þarf litlum krafti og tækið sér um að fæturnir verði vel slípaðir og mjúkir frá fyrstu notkun. Það

besta er einmitt að árangurinn er sjáanlegur strax,“ segir Magðalena.

„Gerðu Express Pedi hluta af þinni reglulegri fótumhirðu og fæturnir verða eins og slípaður demantur. Þetta er líka fljótleg og auðveld leið til að halda fótunum sléttum og mjúkum.“

Scholl Express Pedi fæst í apótekum. Hægt er að kaupa áfyllingar í tækið.

SCHOLL EXPRESS PEDI

Express Pedi er nýtt tæki sem fjarlægir harða húð af fótum á einfaldan hátt.



ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

*3.5% lantökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Heilsudýnur á
frábæru verði
Verðdæmi á
Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð
153x203
160x200
180x200
180x210

Verð
144.900 kr.
149.900 kr.
169.900 kr.
179.900 kr.



LIFANDI LÍNUR Húsin voru handteiknuð og lituð með vatnslitum áður en þau voru skönnuð inn. Snorri segir sérstakan sjarma yfir handteiknuðum línur.



FLEIRI HÚS Í BÝGERÐ Snorri Þór segir von á fleiri gamalgrónum húsum úr pappa frá þeim félögum í Borgarmynd.

OFMETNAÐUR Á HÁU STIGI

HÖNNUN Snorri Þór Tryggvason og Pétur Stefánsson hafa útfært nokkur af markverðustu húsum Reykjavíkur sem gestapraut úr pappa.

Það tók okkur tvö ár að hanna húsin. Við vildum að þau væru virkilega falleg og handteiknuðum því allar línur og vatnslitum myndirnar, áður en þær voru skannaðar inn og settar á pappamódel. Við vildum líka leysa hvert hús í einum útflatningi svo ekki þyrfti að setja þau saman í hlutum,“ segir Snorri Þór Tryggvason arkitekt en hann og Pétur Stefánsson hafa útfært nokkur af markverðustu húsum Reykjavíkurborgar sem lítil pappahús sem klippa má út og líma saman.

Neðan á hverju húsi eru upplýsingar um byggingarár og höfund en húsin eru byggð á tímabilinu 1762 til 1922. Húsin eru Aðalstræti 10, Hljómskálinn, Iðnó, Menntaskólinn í Reykjavík og Safnahúsið en hvert þeirra markar ákveðin tímamót í sögu borgarinnar.

„Ég vildi velja bæði falleg og sögufræg hús,“ útskýrir Snorri. „MR er elsti háskóli í heimi og var stærsta timburhús landsins á sínum tíma. Hljómskálinn er fyrsta tónlistarhúsið í Reykjavík, í raun fyrsta Harpan, og Iðnó var fyrsta alvöru leikhúsið. Byggingartímabilið hafði líka sitt að segja en það er það langt um liðið að höfundarréttarlög eiga

ekki lengur við. Enda þurftum við að taka okkur skáldaleyfi við útfærsluna og einfalda húsin. Þau eru miserfið í samsetningu, þetta er gestapraut. Erfiðasta húsið er Iðnó og næst kemur MR, en Hljómskálinn er mjög einfaldur, honum er nánast rúllað upp eins og pulsu,“ segir Snorri.

Er von á fleiri reykvískum húsum í pappa? „Ekki spurning. Ég er ekki viss um að heilu göturnar verði þó til, miðað við hversu langan tíma þetta tekur, ég yrði orðinn hundgamall áður en það yrði,“ segir hann hlæjandi en Snorri og Pétur eru einnig höfundarnir á bak við handteiknuðu borgarkortin af Reykjavík. Það tók þá tvö þúsund og eitt hundrað vinnustundir að teikna og vatnslita Reykjavíkarkortið.

„Það má segja að þetta sé ofmetnaður á háu stigi en það er annar sjarmi yfir handgerðum teikningum. Þær eru mannlegri en tölvugerðar línur og auk þess skiptir það líka máli hversu mikil vinna liggur að baki.“

Vörurnar eru væntanlegar í helstu verslanir svo sem bókabúðir, hönnunar- og minjagripaverslanir. Sjá nánar á www.mylittlereykjavik.com.

■ heida@365.is



ARKITEKTAR Snorri og Pétur með samsett og ósamsett líkan.

Kynning á raunfærnimati

Kynningarfundur
27. ágúst
kl. 17.30

Viltu ljúka námi í iðngrein sem þú hefur starfað við?

Raunfærnimati er ætlað að meta þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast í starfi og getur mögulega stýtt nám þitt. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Kynnt verður raunfærnimat í eftirfarandi greinum:

Húsamiði	Vélstjórn	Rennismiði	Matreiðslu	Veitingaþjóni
Pípulögnum	Stálsmiði	Málmsuðu	Bakaraiðn	Framreiðslu
Vélvirkjun	Blikksmiði	Netagerð		

- Ert þú 25 ára eða eldri?
- Hefur þú starfað við iðngrein í 5 ár* eða lengur?
- Langar þig að ljúka námi í þínu fagi?

* Þrjú ár í málmsuðu og veitingaþjóni

Kynningarfundur um raunfærnimat

Staður: IDAN fræðslusetur, Vatnagarðar 20 í Reykjavík.

Stund: Miðvikudagur 27. ágúst kl. 17:30.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggitur fasteignasali Sími 897 8266
Sigurður Samúelsson Löggitur fasteignasali Sími 896 2312
Sveinn Eyland Löggitur fasteignasali Sími 690 0820
Íris Hall Löggitur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen Söluþjafi Sími 770 0309
Kristberg Snjólfsson Sölufulltrúi Sími 892 1931
Eggert Mariuson Sölufulltrúi Sími 690 1472
Guðrún Dilljá Lúðvicksdóttir skjalagerð
Benedikt Ólafsson Sölufulltrúi Sími 661 7788

100% Þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

Lautasmári 53.

Opið hús Mánudaginn 25. ágúst 2014. kl. 20 - 20.30



Mjög góð tæpl. 110 fm 5. herb. íb. á 2. hæð í litlum 4 íbúða stigagangi. 4 svefnherbergi, góðar innréttingar, frábær staðsetning, örstutt í alla skóla, íþróttir, verslanir og þjónusta. Verð 31,9 m
Ingólfur Giss. lg.fs. sýnir: 896-5222.

Stigahlíð 22 - Tvær fallegar íbúðir til sölu

Opið hús í dag mánudag kl. 17:00-17:30



Tvær fallegar íbúðir til sölu í Stigahlíð 22, RVK. Vilborg verður á staðnum og sýnir eignirnar. Íbúðirnar eru 3ja herbergja - á 1. og 2. hæð; 84,3 fm í sama stigagangi.
Nánari upplýsingar í s 891-8660 eða vilborg@valholl.is



Stangveiðileyfi meðfram Apavatnsnesi fylgir hverri lóð.

Lóð með stangveiðirétti

Fold fasteignasala kynnir vel gróna og fallega lóð við Apavatn með stangveiðirétti.

Gróin 2,3 hektara vatnsbakka-lóð er til sölu á besta stað við Apavatnsnes, sunnan megin við Apavatn, ásamt 11 prósent hlut í 26,5 hektara landi sem er

í óskiptu landi lóðareiganda við nesið.

Stangveiðiréttur fylgir kaupunum samkvæmt samningi sumarhúsafélagsins á svæðinu.

Lóðin er nr. 3 og er eina lóðin meðfram vatnsbakkanum sem ekki er búið að byggja sumarhús á.

Spildan sem tilheyrir heildar-

landinu er um 48 hektarar en nýu lóðir eru á því svæði af svipaðri stærð. Stangveiðileyfi meðfram Apavatnsnesi fylgir hverri lóð. Á hverri lóð er leyfilegt að byggja eitt sumarhús ásamt gestahúsi sem er innan við 20 fermetrar.

Lóðin er á afar fáfögnu svæði og því hentug fyrir hvern þann sem vill slappa af í rólegu umhverfi.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Hjallahlíð 25 - 270 Mosfellsbær



Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

M118,4 m², 4-5 herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og fallegri timburverönd í litlu fjölbýli við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla, sund og á Golfvöll Mosfellsbæjar. 33,9 m.

Lómasalir 12 - 201 Kópavogur



Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Mjög björt og falleg 123,7 m², 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð með frábæru útsýni í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu við Lómasali 12 í Kópavogi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgæymsla í kjallara. V. 36,2 m.

Markarflöt 19 - 210 Garðabær



Opið hús miðvikudaginn 27. ágúst frá kl. 17:00 til 17:30

Mjög fallegt 237,4 m² einbýlishús á einni hæð, með tvöföldum bílskúr og glæsilegum garði við Markarflöt 19 í Garðabæ. Eignin er í mjög góðu ástand, stóra stofa, borðstofa, setustofa, nýlegt eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari, þvottahús m/sturtuadstöðu og sólskáli. V. 67,4 m.

Kvislartunga 82 - 270 Mosfellsbær



247,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Kvislartungu 82 í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Húsið stendur hátt við götu með glæsilegu útsýni. V. 48,9 m.

Furubyggð 32 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 164,7 m² raðhús á 2 hæðum og risi, með bílskúr við Furubyggð 32 í Mosfellsbæ. Afgirtur bakgarður með timburverönd og steypt bílapan og garður með timburverönd í suðvestur. V. 40,9 m.

Fálkahöfði 6 - 270 Mosfellsbær



Björt og falleg 91 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Fálkahöfða 6 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgæymsla á jarðhæð. V. 27,8 m.

Gerplustræti 25-27 - 270 Mosfellsbær



Nýjar íbúðir

Allt að 90% fjármögnun

3 íbúðir eftir

Glæsilegar 4-5 herbergja endaíbúðir í lyftuhúsi við Gerplustræti 27 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru fullbúnar með eikarparketi og flísum, vönduðum tækjum og glæsilegum innréttingum frá GKS. Sérstæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Rúmgóðar suðursvalir og sérgarður á 1. hæð. Glæsilegt útsýni. Staðir frá 143 til 152 fm. Verð frá 39,9 m.

Línakur 6 - 210 Garðabær



Mjög glæsilegt 299,6 m² raðhús á þremur hæðum við Línakur 6 í Garðabæ. Stórt og rúmgott raðhús á frábærum útsýnistað á Arnarneshæðinni með fallegu útsýni. Í húsinu eru hjónasvita með fatarherbergi og baðherbergi, 4 svefnherbergi, 3 önnur baðherbergi, glæsilegt eldhús, stofa. Fjölskyldurými eru stór og góð. Tvennar svalir eru á húsinu, garðsvalir á efstu hæð og stóra svalir út frá stofu og þá er gengið út á verönd á jarðhæð. V. 89,7 m.

Grundarstígur 11 - 101 Reykjavík



Laus strax

Sjarmerandi 65,9 m² 2ja herbergja íbúð á 1. hæð við Grundarstíg 11, 101 Reykjavík. Íbúðin skiptist í stóra forstofu, stóra stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. V. 23,5 m.

Hagamelur 36 - 107 Reykjavík



Laus strax

Opið hús þriðjudaginn 26. ágúst frá kl. 17:00 til 18:00

64,3 m², 2ja herbergja íbúð í kjallara með sérinngangi við Hagamel 36, 107 Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, baðherbergi, forstofu, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgæymsla í sameign. V. 26,9 m

Nýtt á skrá



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumáður
gjsl@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Halveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 - 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

Kársnesbraut 21 A - Kópavogi. Endaraðhús.



**OPIÐ HÚS
Á MORGUN**

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45

Glæsilegt og þó nokkuð endurnýjað 169,5 fm. að meðtöldum 22,8 fm. bílskúr endaraðhús á tveimur hæðum í vesturbæ Kópavogs. Eldhús var endurnýjað fyrir tveimur árum og sett upp falleg hvít háglans innrétting. Rúmgóð stofa með útgangi á stóra suður verönd. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Hús sem hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina. Fallegur garður með miklum gróðri.

**Verð 49,9 millj.
Verið velkomin**

Akurgerði 46 - Reykjavík. Parhús.



**OPIÐ HÚS
Í DAG**

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45

Vel skipulagt 143,7 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 25,9 fm. bílskúr á þessum eftirsóttastað í Smábúðahverfinu. Stofa með útgengi á verönd til suðurs með skjólveggjum. Þrjú herbergi auk fataherbergis. Eldhús með máluðum hvítum innréttingum. Vel staðsett eign. Stutt í skóla og aðra þjónustu.

**Verð 31,5 millj
Verið velkomin**

2JA HERBERGJA



LAUS STRAX

Hátún - útsýnisíbúð Glæsileg og nýlega endurnýjuð 69,0 fm. útsýnisíbúð á 6. hæð (efstu). Glæsilegt útsýni út á sundin, að Esjunni og víðar. Ný innrétting í eldhúsi og á baðherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. *Íbúðin er til afhendingar strax.*

Verð 25,5 millj

3JA HERBERGJA



GAUTAVÍK - EFRI HÆÐ.

- Mjög góð 112,1 fm. efri hæð með sér inngangi.
- 2 rúmgóð herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar
- Stórar flísalagðar svalir til suðausturs.
- Eignin er staðsett í lokuðum botnlanga.

Verð 32,5 millj

Strikið- Sjálandi Garðabæ. 3ja herbergja íbúð á efstu hæð.



**60 ÁRA OG
ELDRI**

Mjög góð 96,1 fm. íbúð á 6. hæð, efstu hæð, í fjölbýlishúsi fyrir 60 ára og eldri. Íbúðinni fylgir sér staði í upphitaðri bílageymslu og tvær sér geymslur þar innan. Aukin lofthæð í stofu og útgengi á yfirbyggðar svalir til suðvesturs. Opið eldhús með þvottaherbergi og búi innan. Stórkostlegt útsýni yfir Álftanes, vestur á jökul og yfir Kópavoginn. Innangengt er í þjónustumiðstöð, Jónshús.

Verð 49,9 millj.

LAUS STRAX



Skógarsel - Reykjavík.

- Rúmgóð 106,7 fm. íbúð á 3 hæð í lyftuhúsi.
- Sér inngangur frá svalagangi.
- Fallegar samstæðar eikarinnréttingar.
- Sér staði í bílageymslu og tvær geymslur fylgja.

Verð 39,9 millj



NJÁLSGATA - ÚTSÝNISÍBÚÐ

- Glæsileg 64,8 fm. rishæð með tvennum svölum.
- Frábært útsýni út á Sundin og að Esjunni.
- Gólfliotur íbúðarinnar er rúmlega 80 fermetrar.
- Eignin hefur nánast öll verið endurnýjuð á sl árum.

Verð 31,9 millj

4RA - 6 HERBERGJA



NAUSTABRYGGJA - RVK. 4RA HERB

ÚTSÝNISÍBÚÐ. Glæsileg 112,9 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með tvennum svölum og 20,5 fm. bílskúr með mikilli lofthæð á sjávarkambinum í Bryggjuhverfinu. Íbúðin er öll hönnuð og innréttað eftir teikningum innanhússarkitekts og er mjög vönduð og falleg í alla staði. Stórar og miklar innréttingar í eldhúsi. Extra háar innihúðir og frábært sjávarútsýni

Verð 37,9 millj

4RA- 6 HERBERGJA



BERGPÓRUGATA- 4ra herb íbúð á 2. hæð með stórum svölum til norðurs í góðu steinhúsi auk stúdíóíbúðar í kjallara, sem er í útleigu. Aukin lofthæð er á 2. hæðinni. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð og húsið að utan er í góðu ástandi og er tiltölulega nýlega málað. Gler & gluggar eru nýlega endurnýjuð & úthyrðir líka. Mjög vel staðsett eign á frábærum stað í miðborginni. Stutt er í alla þjónustu, veitingastaði og mannlífi í miðbænum

Verð 44,9 millj

FORNASTRÖND - SELTJARNARNESI.



Fornaströnd - Seltjarnarnesi. Glæsilegt 237 fm. algjörlega endurnýjað einbýlishús á einni hæð, á frábærum stað á Seltjarnarnesi. Húsið er byggt eftir verðlaunateikningu Ulriks Arthússonar arkitekts árið 1972 og hann teiknaði enn fremur viðbyggingu 2008. Íbúðarrýmið, sem er frábærlega hannað, er tæpir 200 fm., en um 40,0 fm. geymslu- og vinkjallari er undir húsinu sem bæði er gengt í innan- og utanfrá. Byggt var við húsið og það endurnýjað algjörlega árið 2007-8 og er það allt sérstaklega vel um gengið. Samliggjandi stórar og opnar stofur. Eldhús með miklum innréttingum. Lóðin er eignarlóð rúm 900 fm. að stærð með tveimur harðviðarveröndum.

KIRKJULUNDUR 12, GARÐABÆ



3. ÍBÚÐIR EFTIR

KIRKJULUNDUR 12, GARÐABÆ Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja lúxusíbúðir á jarðhæð. Lyfta og sér staði í bílageymslu. Íbúðirnar afhendast tilbúnar til afhendinga nú þegar án gólfefna, en baðherbergi og þvottaherbergi afhendast flísalagð. Allar innréttingar eru sérsníðaðar eikarinnréttingar frá Fagus ehf. **2ja herbergja íbúð á 1. hæð 92,2 fm. Verð 32,4 millj. - 3ja herbergja íbúð á 1. hæð 121,1 fm. Verð 41,8 millj. - 4ra herbergja íbúð á 1. hæð 135,9 fm. Verð 46,6 millj. Íbúðirnar eru sýndar í samráði við sölumenn Fasteignamarkaðarins ehf. Byggingaraðili: Kristjánssynir ehf**

Sölusýning nk. miðvikudag Lundur 2, 4 og 6 – Kópavogi frá kl. 17.00 – 18.00



Nýjar og vandaðar 2ja til 6 herbergja íbúðir frá 100,7 fm. upp í 179,9 fm. í Lundur 2-6 í Kópavogi. Staði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna, nema flísar verða á baðherbergi og í þvottahúsi. Í eldhúsi verður eikarinnrétting frá Brúnás. Lyfta gengur niður í bílageymslu. Lóð verður frágengin með grasþökum og gróðri ásamt malbikuðum bílastæðum og hellulögðum gangstéttum með snjóbræðsluferfi við húsið.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

Staðsetning er frábær miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og stutt í frábær útivistarsvæði, sem og alla þjónustu

Kaplaskjólsvetur 89 - Reykjavík. 4ra herbergja útsýnisíbúð.



Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45
Stórglæsileg og algjörlega endurnýjuð 92,3 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð (endaíbúð með gluggum í 3 áttir á efstu hæð) auk sér u.þ.b. 6,0 fm. geymslu á jarðhæð. Tvennar svalir og stórkostlegt útsýni. Sameiginlegt þvottaherbergi á hæðinni. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á vandaðan og smekklegan hátt. Extra háar innihurðir. HTH innréttingar í eldhúsi með graníti á borðum. Stór sameiginlegur afgirtur garður með leiktækjum sem snýr í suður. Virkilega falleg, vel skipulögð og frábærlega staðsett eign, sem vert er að skoða.

**Verð 39,8 millj
Íbúð merkt 0403.
Ólafur og Þóra á bjöllu**

Selvogsgrunn 11- 3ja herbergja íbúð



Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45
Mjög snyrtileg og rúmgóð 93,5 fm. íbúð á 1. hæð í fallegu fimm íbúða steinhúsi. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a. stór hluti af gleri, baðherbergi og gólfefni. Góðar svalir til vesturs. Húsið var allt sprunguviðgert og málað að utan árið 2010. Sér merkt bílastæði fylgir með íbúðinni.

Íbúðin er laus til afhendingar strax.

Verð 32,5 millj

4RA- 6 HERBERGJA



NORÐURBRÚ – SJÁLANDI GARÐABÆ. 4ra herbergja Mjög falleg, björt og vel skipulögð 123,4 fm. íbúð á 2. hæð í góðu álklaeddu fjölbylishúsi í Sjálandi. Fallegt útsýni er úr íbúðinni yfir sjóinn. Flísalagðar suðvestur svalir. Gólfstíðir gluggar í stofu. Fallegt eldhús með birkiinnréttingum. Sér staði í bílageymslu fylgir og lyfta er í húsinu. Staðsetning eignarinnar er góð í nýlegu en grónu hverfi þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði o.fl.

VERÐ 41,9 millj

SÉRBYLI



VATNSSENDABLETTUR - KÓPAVOGI. EINSTÖK STAÐSETNING. Glæsilegt 300,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað alveg niður við Elliðavatn. Arkitekt er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Mikil lofthæð á efri hæð. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og borðstofu. Þetta er glæsilegt og vandað hús með einstakri staðsetningu við Elliðavatnið. Lóðin er mikið til villt og hefur verið látin halda sér að mestu. **Frábært tækifæri fyrir t.d. hestaáhugafólk.**

VERÐ 99,0 millj.



GLÆSILEG EIGN VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN

Glæsileg eign við Reykjavíkurtjörn

Stórglæsileg og mikið endurnýjuð 141,3 fm. íbúð á 3. hæð og risi í fallegu steinhúsi á frábærum útsýnisstað við Reykjavíkurtjörn. Íbúð í sérflokk í einstökum stað með góðri lofthæð og tvennum svölum. Innréttingar eru að stærstum hluta sérsmíðaðar og mjög vandaðar. Bjartar og rúmgóðar stofur með útgengi á svalir til vesturs. Arinn er í íbúðinni sem sést vel úr ýmsum rýmum íbúðarinnar. Um 40 fm. sameiginlegar þaksvallar eru út á 2. hæð hússins sem snúa að Tjörninni.

Einstök eign með konunglegu útsýni

FORMÚLA 1 Ástralinn Daniel Ricciardo á Red Bull kom fyrstur í mark í belgíska kappakstrinum í gær. Nico Rosberg á Mercedes kom annar í mark og Veltteri Bottas á Williams þriðji. Ricciardo náði forystunni eftir að Rosberg tók þjónustuhlé eftir að hafa keyrt aftan á liðsfélaga sinn, Lewis Hamilton, og lét hana ekki af hendi. Þetta var annar sigur Ástralans í röð og sá þriðji á tímabilinu.

Hann situr í þriðja sæti í keppni öku-manna með 156 stig, á eftir Rosberg og Hamilton. Mercedes hefur hins vegar örugga forystu í keppni bílasmíða, en 157 stig skilja Mercedes og Red Bull að. Næsti kappakstur fer fram á á Ítalíu um þarnæstu helgi.



Hrafnhildur komst í úrslitasundið á Evrópumótinu í Berlín

SUND Hrafnhildur Lúthersdóttir, Sundfélagi Hafnarfjarðar, stóð í ströngu um helgina á Evrópumótinu í 50 metra laug í Berlín. Hrafnhildur synti í undanrásum í 50 metra bringusundi á laugardagsmorgun, þar sem hún kom í mark á 31,21 sekúndu og bætti fyrra Íslandsmet sitt um 16 hundraðshluta úr sekúndu.

Í undanúrslitunum síðar um daginn synti Hrafnhildur á 31,31 sekúndu sem dugði til að komast í úrslitasundið á sunnudeginum. Þar gekk ekki jafn vel, en Hrafnhildur kom í mark á 31,53

sekúndum og hafnaði í áttunda og neðsta sæti. Litháíska undrabarnið Ruta Meilutyte varð hlutskörpust í úrslitasundinu en hún synti á 29,89 sekúndum sem er 0,41 sekúndu frá heimsmetinu sem hún setti í Barcelona í fyrra. Jennie Johansson frá Svíþjóð varð önnur.

Hrafnhildur keppti einnig í 100 og 200 metra bringusundi á EM í Berlín. Hún komst í undanúrslit í báðum greinum, en hún bætti eigið Íslandsmet í 100 metra bringusundinu þegar hún kom í mark á 1:08,19 mínútu í undanúrslitunum.

- ips



ÁTTUNDA SÆTI Hrafnhildur Lúthersdóttir stóð sig best allra af Íslendingunum í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

IBV 2-0 Hásteinsvöllur
Áhorf: 486
Ryan Stewart (7)

Mörkin: 1-0 Jonathan Glenn (81.), 2-0 Jonathan Glenn, víti (88.). Sandor Matus varði víti Arnars Braga Bergssonar á 39. mínútu.

ÍBV (4-3-3): *Abel Dhaira 7 - Jökull Elfsabetarson 5, Andri Ólafsson 5, Brynjar Gauti Guðjónsson 5, Matt Garner 6 - Gunnar Þorsteinsson 6, Arnar Bragi Bergsson 4 (64., Atli Fannar Jónsson 5), Ian David Jeffs 6 (90., Hafsteinn Gísli Valdimarsson -) - Dean Edward Martin 5 (89., Isak Nylén -), Jonathan Glenn 6, Jón Ingason 5.

PÓR AK. (4-3-3): Sandor Matus 7 - Orri Sigurjónsson 5, Orri Freyr Hjaltalín 4, Hlynur Atli Magnússon 5 (33., Atli Jens Albertsson 5), Ingi Freyr Hilmarsson 5 - Shawn Nicklaw 6, Ármann Pétur Ávarsson 6, Jónas Björgvin Sigurbjörgsson 6 - Jóhann Helgi Hannesson 5, Chuckwudi Chijindú 5, Jóhann Þórhallsson 5 (64., Sigurður Marínó Kristjánsson 5).

Skot (á mark): 9-13 (6-10)

Horn: 5-6

Varin skot: Abel 9, Sandor 4.

2-0 Fylkisvöllur
Áhorf: 753
Valdimar Pálsson (6)

Mörkin: 1-0 Ásgeir Eypórsson (37.), 2-0 Oddur Ingi Guðmundsson, víti (72.).

FYLKIR (4-3-3): Bjarni P. Halldórsson 6 - Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Agnar Bragi Magnússon 5 (62. Kristján Hauksson), Ásgeir Eypórsson 7 (40. Kristján Valdimarsson), Tómas J. Þorsteinsson 5 - Finnur Ólafsson 6, Oddur Ingi Guðmundsson 6, Ásgeir Örn Arnþórsson 5 - Gunnar Örn Jónsson 5 (51. Andrés Már Jóhannesson), Ragnar Bragi Sveinsson 5, Albert Brynjar Ingason 6.

VALUR (4-3-3): Anton Ari Einarsson 5 - Billy Brentsson 5, Magnús M. Lúðvíksson 5, Þóroddur S. Hreiðarsson 5, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Tonny Mawejje 5, Haukur Páll Sigurðsson 5 (50. Kristinn Freyr Sigurðsson 5), Sigurður Egill Lárusson 6 (83. Haukur Ásberg Hilmarsson -) - Patrick Pedersen 5, Halldór Hermann Jónsson 4, Kolbeinn Káráson 4 (73. Kristinn Ingi Halldórsson -).

Skot (á mark): 8-8 (3-3)

Horn: 4-5

Varin skot: Bjarni Þórður 2 - Anton Ari 1.

2-2 Samsung-völlur
Áhorf: Óuppg.
Garðar Örn Hinriksson (9)

Mörkin: 1-0 Ólafur Karl Finsen, víti (44.), 1-1 Guðjón Pétur Lýðsson (49.), 1-2 Damir Mumínovic (52.), 2-2 Veigar Páll Gunnarsson (82.), Martin Rauschenberg, Stjörnunninn fékk rautt á 87. mín.

STJARNAN (4-3-3): Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal - (11. Niclas Vemmelund 6), Martin Rauschenberg 5, Daníel Laxdal 7, Hörður Arnason 6 - *Porri Geir Rúnarsson 8, Atli Jóhannsson 6 (46. Heiðar Egiðsson 4), Pablo Punyed 6 - Arnar Már Björgvinsson 7, Ólafur Karl Finsen 5 (45. Veigar Páll Gunnarsson 6), Rolf Toft 5..

BREIÐABLIK (5-4-1): Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Höskuldur Gunnlaugsson 6, Elfar Freyr Helgason 8, Damir Mumínovic 6, Finnur Orri Margeirsson 6, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 7 - Ellert Hreinsson 3, Guðjón Pétur Lýðsson 6, Andri Rafn Yeoman 6, Elfar Arni Aðalsteinsson 5 (31. Olgeir Sigurgeirsson 6) - Arni Vilhjálmsson 6..

Skot (á mark): 10-4 (5-3)

Horn: 9-2

Varin skot: Ingvar 0 - Gunnleifur 2

PEPSI DEILDIN 2014

Stjarnan	16	10	6	0	30-18	36
FH	15	10	5	0	27-9	35
KR	15	9	2	4	23-15	29
Víkingur R.	15	8	2	5	20-17	26
Fylkir	17	6	3	8	26-29	21
Valur	17	6	3	8	24-28	21
ÍBV	17	5	5	7	24-26	20
Breiðablik	17	3	10	4	26-27	19
Keflavík	16	4	6	6	22-24	18
Fjölnir	16	3	6	7	25-28	15
Fram	16	4	3	9	18-30	15
Pór	17	2	3	12	21-35	9

Leikir í kvöld: 18.00: Víkingur R.-FH (Stöð 2 Sport), Fjölnir-Keflavík. 19.00: Fram-KR

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins

Get litið illa út ef ég er ekki nýttur rétt

Leikstjórnandinn Hörður Axel Vilhjálmsson á stóran þátt í frábærum árangri íslenska landsliðsins sem hefur nánast tryggt sér sæti á EM. Hann er farinn aftur til Þýskalands eftir martraðartímabil á Spáni.

KÖRFUBOLTI Sem kunnugt er vann íslenska körfuboltalandsliðið frækinn sigur á Bretlandi í Koparkassanum í London á miðvikudaginn. Það blés ekki byrlega fyrir íslenska liðinu framan af, en snemma í þriðja leikhlutu voru Bretar 13 stigum yfir (44-31). En með mikilli baráttu og vel útfærðum leik komu Íslendingar sér inn í leikinn, jöfnuðu metin og unnu að lokum tveggja stiga sigur, 69-71, sem fór langt með að tryggja liðinu sæti í loka-keppni Evrópumótsins á næsta ári.

Hörður Axel Vilhjálmsson var næststiga-hæstur með 17 stig, sem er persónulegt stigamet í landsleik hjá honum. Hörður setti einnig persónulegt met í leiknum gegn Bosníu ytra þar sem hann skoraði 14 stig og hitti úr sex af átta skotum sem hann tók.

Leikkerfin henta mér betur

Hörður virðist finna sig vel undir stjórn Kanadamansins Craigs Pedersen sem tók við landsliðinu fyrr á árinu, en fjórir af sex stigahæstu leikjum Harðar með landsliðinu voru á þessu ári.

„Mitt hlutverk hefur breyst. Við erum að spila öðruvísi leikkerfi hjá Craig en hjá Peter (Ökvist, fyrrverandi landsliðsþjálfari) og þau henta mér betur. Þau eru líkari því sem ég hef verið að spila úti, þannig að það var auðveldara fyrir mig að aðlagast þeim en í fyrra og í raun frá því ég byrjaði í landsliðinu. Ég hef ekki fundið mig í þeim leikstíl sem landsliðið hefur verið að spila í gegnum tíðina,“ sagði Hörður í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann bætti við að hann fengi boltann í betri stöðum en áður: „Ég fæ boltann ekki lengur í stöðum sem ég er ekki góður í. Ég er þannig leikmaður að ég er mjög góður í sumu og ekki jafn góður í öðru. Ef ég er ekki nýttur rétt á ég það til að líta illa út.“

Svöruðum gagnrýnisröddum

Skömmu áður en Ísland hóf leik í undan-keppninni var það gefið út að Jón Arnór Stefánsson yrði ekki með íslenska liðinu vegna tryggingsmála. Hörður segir að þrátt fyrir áfallið hafi fjarvera Jóns Arnórs þjappað hópnun saman:

„Ég held, eftir á að hyggja, að það hafi gert okkur gott,“ sagði Hörður og bætti við: „Það fékk okkur til hugsu um að nú væri kominn tími til að sýna almennilega hvað við gætum. Við höfum oft verið gagnrýndir síðustu ár fyrir að treysta of mikið á Jón Arnór; að hann taki alltof mikla ábyrgð og aðrir stígi ekki nægilega mikið upp eins og þeir ættu að gera. En ég held að við höfum svarað ansi mörgum gagnrýnisröddum í þessum tveimur leikjum sem hann var ekki með.“

Jón Arnór sneri svo aftur fyrir útileikinn gegn Bretlandi þar sem hann skoraði 23 stig

eins og áður sagði. Hörður sagði innkomu hans hafa skipt sköpum: „Hann er auðvitað ómissandi, það er engin lygi. Og hann er okkar langbesti leikmaður. Hann skoraði mikilvægar körfur og það var ómetanlegt að hafa hann í þessum leik.“

Hörður er nýgenginn í raðir þýska liðsins Mitteldeutscher frá Valladolid sem hann lék með á síðustu leiktíð. Lítið gekk hjá spænska liðinu í fyrra en það vann aðeins þrjá leiki af 34 og endaði í neðsta sæti. Hörður segir tímabilið í fyrra hafa verið martröð líkast: „Þetta voru svakaleg vonbrigði. Það gekk ekki neitt upp hjá neinum í kringum liðið. Við fengum aðeins viku til að undirbúa okkur fyrir fyrsta leik sem var gegn Real Madrid. Og um morguninn á leikdegi hvarf sá sem átti að vera aðalmaðurinn í liðinu. Það var afskaplega táknrænt fyrir tímabilið hjá okkur.“

Hörður segist ánægður með að vera kominn aftur til Þýskalands, en hann þekkir vel til hjá Mitteldeutscher – sem er staðsett í borginni Weißenfels sem er skammt frá Leipzig – enda lék hann með liðinu á árunum 2011-2013.

„Mér og konunni líður ofboðslega vel þarna og það skipti miklu máli þegar við vorum að ákveða hvert við ættum að fara,“ sagði Hörður og bætti við: „Tímabilið á Spáni var rosalega erfitt, bæði andlega og líkamlega, og það er gott að vera kominn aftur í kunnuglegt umhverfi þar sem ég get notið þess að spila körfubolta á ný.“


Hörður hjálpaði Mitteldeutscher að komast upp í úrvalsdeildina tímabilið 2011-12 og tímabilið á eftir var hann í lykilhutverki þegar liðið hélt sæti sínu í úrvalsdeildinni. Hörður skoraði þá 9,6 stig og gaf þrjár stoðsendingar á rúnum 23 mínútum að meðaltali í leik. „Ég kem bara inn í sama hlutverk og ég var í áður, sem aðalleikstjórnandi liðsins. Ég býst við að spila svipað margar mínútur og áður, ef ekki fleiri.“

Eigum skilið að fá fulla höll

Ísland leikur sinn síðasta leik í undan-keppninni gegn Bosníu á miðvikudaginn, en leikurinn hefst klukkan 19.30. Hörður segir Ísland eiga mikla möguleika gegn þessu sterka liði, en Bosnía vann fyrri leik liðanna í Tuzla með tíu stiga mun, 72-62.

„Ég býst við hörkuleik og við erum hvergi bangnir. Við sáum það í leiknum ytra að við eigum í fullu tré við þetta lið og það þarf ekkert kraftaverk til að vinna það.“

Hörður sagðist enn fremur vonast eftir fullri Laugardalshöll á miðvikudagskvöldið: „Ég held að það hafi aldrei verið uppselt eða full höll síðan ég byrjaði í landsliðinu og það væri rosalega gaman að upplifa það. Og mér finnst við eiga það skilið, allavega meira en áður,“ sagði Hörður að lokum. ingvithor@365.is



ALDREI FLEIRI STIG Hörður Axel Vilhjálmsson valdi rétta leikinn til þess að blómstra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



HLYNUR BÆRINGSSON.

Hlynur ætlar sér að að ná Bosníuleiknum

„Þeir koma ekki mikið harðari þannig að við erum bjartsýnir,“ segir Arnar Guðjóns.

KÖRFUBOLTI Hlynur Bæringsson, fyrirlíði íslenska körfuboltalandsliðsins, er vongóður um að geta spilað á móti Bosníu á miðvikudagskvöldið en hann snéri sig illa á ökkla í sigrinum á Bretum í London.

„Staðan er betri og ég hef verið í meðferð frá því að ég

kom heim. En ég er ekki brotinn sem var mikill léttir. Það er enn sársauki í fætinum en fer minnkandi. Ég stefni á að reyna að spila, minnka bólguna jafnt og þétt fram að leik og reyna svo á þetta,“ sagði Hlynur við Fréttablaðið í gær.

„Við vonum innilega að hann geti aðstoðað okkur á miðvikudaginn.

Þeir koma ekki mikið harðari þannig að við erum nokkuð bjartsýnir. Eigum við ekki að segja að það séu helmingslíkur,“ sagði Arnar Guðjónsson, aðstoðarþjálfari og bætti við: „Meiðslin eru talsvert betri en við reiknuðum með því við vorum alveg vissi um að hann yrði ekkert með okkur.“

Yuasa original rafgeymar í mótorhjólíð þitt

Við afhleðslu, mynda rafgeymar súrefni sem undir venjulegum kringumstæðum þarf að losa út um loftunarop en Yuasa rafgeymarnir endurnýta súrefnið og breyta því í vatn uns geymirinn er endurhlaðinn og vatnið breytist í síru.

Þessi tækni gerir Yuasa rafgeymana sérstaka og eykur endingu þeirra til muna.



Yfirburðir Yuasa rafgeyma eru augljósir eins og neðangreind mynd sýnir

Sérhannaðir pólur

Koma í veg fyrir sýruleka og draga úr tæringu. Lengri ending rafgeymisins.

Lokið brætt saman við kassan

Aukinn styrkur. Kemur í veg fyrir leka og tæringu.

Polypropylene lok og kassi

Tryggir aukamagn af rafvökva sem kælir rafgeyminn. Veitir einnig aukið þol gegn gasi og olíu. Meira höggþol og betri styrkur í slæmum veðurskilyrðum.

Sérstök millisþjöld
Veita meira ræsiafl.

Gegnumgangandi leiðni

Gefur styttri leið fyrir strauminn og minna viðnám en aðrir rafgeymar þar sem tengingin fer yfir skilrímið. Meira ræsiafl þegar á þarf að halda.

Sérstaklega virk efni

Rafgeymirinn stendst lengur titring, lengir endingartímann og áreiðanleika geymisins.

Sérstök hönnun grindar

Stendst mikinn titring, tryggir hámarksleiðni.

Nánari upplýsinga er að finna á stilling.is/yuasa

YUASA
Stærstir á sínu sviði í heiminum



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Rýr uppskera eftir fyrri leik liðanna

Fjölirnir og Keflavík mætast í miklum fallslag í kvöld.

FÓTBOLTI Þrír leikir fara fram í Pepsi-deild karla í kvöld. FH sækir Víking heim, Fram tekur á móti KR í Laugardalnum og Fjölirnir og Keflavík mætast á Fjölsvelli. Það verður mikið undir í síðastnefnda leiknum, enda bæði lið í bullandi fallbaráttu. Keflvíkingar sitja í 7. sæti deildarinnar með 18 stig, en Fjölismenn í 10. sæti með 15 stig, jafn mörg og Fram sem situr í 11. og næstsíðasta sæti.

Bæði lið byrjuðu tímabilið af krafti. Fjölismenn byrjuðu á því að vinna öruggan sigur á Víkingi í nýliðaslag og í annarri umferð gerðu þeir góða ferð norður yfir heiðar og unnu 1-2 útsigur á Þór. Þessum tveimur sigrum fylgdu fjögur jafntefli í röð, gegn Val, Breiðabliki, KR og Keflavík.

Keflvíkingar unnu fyrstu þrjá leiki sína, gegn Þór og Breiðabliki á heimavelli og Val á útivelli. Liðið beið sinn fyrsta ósigur í 4. umferð gegn KR, en í næstu umferð gerðu Keflvíkingar góða ferð í Hafnarfjörðinn og náðu í jafntefli gegn FH og fylgdu því svo eftir með því að gera jafntefli gegn Fjölni á heimavelli.

Eftir sex umferðir sátu Keflvíkingar í 3. sæti með 11 stig, aðeins þremur stigum á eftir toppliði FH. Fjölismenn voru tveimur sætum neðar með tíu stig, jafn mörg og Íslandsmeistarar KR. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Fjölismenn hafa aðeins fengið fimm stig í síðustu tíu leikjum. Eini sigurinn á þessu tímabili kom gegn Þór á Fjölsvelli, 27. júlí, en þá voru liðirnir 80 dagar frá síðasta sigri liðsins í deildinni.



EFNILEGUR elías mór ómarsson for mikinn í upphafi móts.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjölirnir hefur aðeins fengið 0,5 stig í síðustu tíu leikjum, samanborið við 1,7 í fyrstu sex leikjum. Þá hefur Grafarvogslíðið fengið á sig 2,2 mörk að meðaltali í leik í síðustu tíu umferðum, en Þórður Ingason, markvörður liðsins, fékk aðeins á sig sex mörk í fyrstu sex deildarleikjum.

Uppskeran er álfka rýr hjá Keflvíkingum, en þeir hafa aðeins náð í sjö stig í síðustu tíu leikjum. Eini sigurinn á þessu tímabili kom gegn Fylki á útivelli í 9. umferð, en það er jafnframt eini sigur Keflvíkinga í síðustu 13 deildarleikjum.

Eftir jafnteflið í fyrri leik Fjölnis og Keflavík versnaði gengi liðanna til mikilla. Það er spurning hvort svipuð breyting verði á gengi liðanna eftir leik kvöldsins, en ljóst er að bæði lið þurfa sárlega á öllum þremur stigunum sem eru í boði í kvöld að halda. - ips

Varamaðurinn kom til bjargar

Gylfi Þór Sigurðsson lagði upp mark og Manchester United er enn án sigurs.

FÓTBOLTI Níu leikir fóru fram í annarri umferð ensku úrvalsdeildarinnar um helgina. Hæst bar leikur Everton og Arsenal á Goodison Park á laugardaginn, en þessi lið áttu í harðri baráttu um sæti í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð.

Everton var mun sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og leiddi 2-0 að honum loknum. Seamus Coleman skoraði fyrsta markið á 19. mínútu með skalla eftir frábæra sendingu Gareths Barry. Steven Naismith tvöfaldaði svo forystuna á lokamínútu fyrri hálfleiks eftir stungusendingu frá Romelu Lukaku.

Framan af seinni hálfleik benti lítið sem ekkert til annars en að Everton-menn myndu fá stigin þrjú, en sjö mínútum fyrir leiklok gaf Walesverjinn Aaron Ramsey Arsenal-mönnum von þegar hann stýrði fyrirgjöf varamannsins Santi Cazorla í netið. Á 90. mínútu skoraði svo Oliver Giroud, sem kom inn á sem varamaður í hálfleik, jöfnunarmark Arsenal þegar hann skallaði fyrirgjöf Nachos Monreal í netið.

Chelsea vann nýliða Leicester City á heimavelli á laugardaginn með tveimur mörkum gegn engu, en staðan var markalaus fram á 62. mínútu þegar Diego Costa braut ísinn. Eden Hazard kláraði svo leikinn með marki á 77. mínútu.

Chelsea hefur unnið báða leiki sína í deildinni til þessa, líft og Swansea sem vann 1-0 sigur á Burnley á heimavelli. Kantmaðurinn Nathan Dyer skoraði eina mark leiksins á 23. mínútu eftir sendingu frá Gylfa Þór Sigurðssyni sem hefur skorað eitt mark



HETJAN Nacho Monreal og oliver giroud fagna jöfnunarmarki þess síðarnefnda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

og átt tvær stoðsendingar í tveimur fyrstu deildarleikjum Swansea á tímabilinu. Önnur úrslit á laugardaginn voru þau að Aston Villa og Newcastle gerðu markalaust jafntefli, West Ham vann góðan 1-3 útsigur á stjóralausu liði Crystal Palace og Southampton og WBA skildu jöfn 0-0.

Manchester United bíður enn eftir fyrsta sigrinum undir stjórn Louis van Gaal, en liðið gerði 1-1 jafntefli við Sunderland á Leikvangi ljóssins á sunnudaginn. Juan Mata kom United yfir á 17. mínútu, en Jack Rodwell jafnaði metin á 30. mínútu með skalla eftir hornspyrnu Sebastian Larsen. Helgin var þó ekki alsæl fyrir stuðningsmenn Manchester United. Fréttir bárust af því að félagið ætti í viðræðum við Angel

di Maria, leikmann Real Madrid, en flest bendir til þess að hann sé á leið á Old Trafford.

Tveir aðrir leikir fóru fram á sunnudaginn. Tottenham vann stórsigur á QPR á heimavelli með fjórum mörkum gegn engu. Nacer Chadli skoraði tvö mörk og Eric Dier og Emmanuel Adebayor sitt markið hvor. Dier hefur skorað í báðum leikjum Tottenham á tímabilinu, en þessi tvítugi varnarmaður kom til liðsins frá Sporting í Portúgal í sumar. Þá gerðu Hull City og Stoke City 1-1 jafntefli á KC Stadium. Nicika Jelavic kom Hull yfir á 42. mínútu, en Ryan Shawcross jafnaði metin sjö mínútum fyrir leiklok. James Chester, varnarmaður Hull, fékk að líta rauða spjaldið á 14. mínútu leiksins. - ips

Veldu notaðan Kia með lengri ábyrgð



The Power to Surprise



6 ár eftir af ábyrgð

Hlaðinn aukabúnaði

Kia Sportage EX 2,0

Árg. 2013, ekinn 35 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, dráttarbeiðli, þverborgar, filmur, gluggavindhlífar, húddhlíf, eyðsla 6,9 l/100 km.*

Verð: 5.570.000 kr.

► Greiðsla á mánuði

48.500 kr.**

** M.v. 54% innborgun og 72 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,19%.

4x4



5 ár eftir af ábyrgð

Kia cee'd H/B LX

Árg. 2012, ekinn 72 þús. km, dísil, 116 hö., sjálfskiptur, eyðsla 5,4 l/100 km.*

Verð: 2.490.000 kr.

Greiðsla á mánuði

27.500 kr.**

M.v. 50% innborgun og 60 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar 13,14%.



5 ár eftir af ábyrgð

Hlaðinn aukabúnaði

Kia Sorento EX Luxury 2,2

Árg. 2012, ekinn 71 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.*

Verð: 5.990.000 kr.



3 ár eftir af ábyrgð

Kia cee'd LX 1,4

Árg. 2010, ekinn 106 þús. km, bensín, 90 hö., beinskíptur 5 gíra, eyðsla 5,8 l/100 km.*

Verð: 1.680.000 kr.



5 ár eftir af ábyrgð

4x4

Kia Sportage EX 2,0

Árg. 2012, ekinn 81 þús. km, bensín, 164 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 8,2 l/100 km.*

Verð: 4.290.000 kr.



6 ár eftir af ábyrgð

Grænn bíll

Kia Rio EX 1,4

Árg. 2013, ekinn 12 þús. km, dísil, 90 hö., beinskíptur 6 gíra, eyðsla 4,1 l/100 km.*

Verð: 2.790.000 kr.

*Uppgefnar eyðslutölur framleiðanda m.v. blandaðan akstur.



NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



Kælikápur með frysti

TILBOÐ
69.989
FULLT VERÐ 99.989

BEKO 30.000 króna afsláttur
185sm kælikápur með frysti. 205 lítra
kælir og 87 lítra frystir. Orkuflokkur A.
Mál (hxbxd): 185x60x60 sm.



8kg með kolalausum mótör

TILBOÐ
109.989
FULLT VERÐ 149.989

Panasonic

40.000 króna afsláttur
1400 snúninga og 8kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. 3D Sensor Wash. Hydro active + Perfect sense. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LED skjár. 70L tromla með stóru 34 sm opi. Stafræn niðurtalning. 16 kerfi og 15 mín hraðkerfi. Þvott hæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+++.



39" Full HD LED sjónvarp

39"

TOSHIBA

TILBOÐ

99.989

FULLT VERÐ 139.989

40.000 króna afsláttur
39" Full HD LED sjónvarp með DVB-T, DVB-T/2, DVB-C,
Wifi, DLNA, Skype, opnum vafra, 4x HDMI, SCART,
Component, VGA, 2 x USB, Optical út, USB upptöku o.fl.

TOSHIBA 39L4353DN

Vefmyndavél

TILBOÐ
2.989
FULLT VERÐ 3.489

Logitech C170



Einföld og þægileg
Vefmyndavél með XGA 1024x768
upplausn og 5MP kyrrmyndatöku.
Hljóðnemi með Rightsound. Smellur
á flesta LCD skjái og fartölvur.

600w blandari

Kenwood BL650



TILBOÐ
11.989
FULLT VERÐ 16.989

KENWOOD

29% afsláttur
Öflugur 600w blandari með 2ja
lítra glerskál, þremur hröðum,
forstillingum fyrir drykki, súpur,
dýfur, sósur og ís.

Panasonic NA148V04

Boost blandari

Melissa 16180042

TILBOÐ
3.989
FULLT VERÐ 5.989



MELISSA

33% afsláttur
400w blandari með 1L glerkönnu.
2 hraðar og puls. Ryðfrír stál
hnifur. Öryggisrofi. Flottur fyrir
boost, súpur og sósur.

max.is

MAX
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Stöð 2 kl. 20.00

Kjarnakonur

Vandaðir Íslenskir þættir í umsjá Kolbrúnar Björnsdóttur. Hér ræðir Kolla við konur sem stýra íslenskum fyrirtækjum og kynnist þeim í gegnum líf og störf.



Í KVÖLD



Vikingur - FH

STÖÐ 2 SPORT KL. 17.45 Bein útsending frá leik Víkinga og FH í Pepsi-deild karla.



Bráðskarpar skepnur

SJÓNVARPIÐ KL. 20.00 Inside the Animal Mind. Geta dýrin hugsað og dregið ályktanir? Bráðskarpar skepnur eru vandaðir heimildarþættir frá BBC.



Grillað með Jóa Fel

STÖÐ 2 GULL KL. 20.25 Glænýr, girnilegir og sumarlegir grillþættir þar sem Jóa Fel sýnir okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í sumar-skap eins og honum einum er lagið.

Bylgjan kl. 06.50

Í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eld-snemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálun-um, færðinni, veðrinu og íþróttun-um strax í bítið.



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm In the Middle
- 08.25 2 Broke Girls
- 08.45 Mom
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.10 The Crazy Ones
- 10.30 Make Me A Millionaire Inventor
- 11.15 Kolla
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Cold Feet
- 13.50 American Idol
- 15.15 ET Weekend
- 16.00 Ofurhetjusérsvaitin
- 16.25 The Michael J. Fox Show
- 16.50 The Big Bang Theory
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 The Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Mindy Project
- 19.35 The Goldbergs (15:23)
- 20.00 Kjarnakonur
- 20.15 Suits (4:16) Fjórdá þáttaröðin um hinn eitursnalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lífibrauð sitt af því að taka margvisleg próf fyrir fólk gegn greiðslu.
- 21.00 The Leftovers (9:10)
- 21.45 Crisis (12:13)
- 22.30 Looking (8:8)
- 23.00 Anger Management
- 23.25 White Collar
- 00.10 Orange is the New Black
- 01.05 Burn Notice
- 01.50 Underworld. Awakening
- 03.15 Still Waiting
- 04.40 Suits
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag



- 07.00 RN Löwen - Magdeburg
- 12.50 Pepsímörkin 2014
- 14.05 Barcelona - Elche
- 15.45 Demantamótin
- 17.45 Vikingur - FH BEINT
- 20.00 Spænsku mörkin 14/15
- 20.30 NBA - Shaqtin' a Fool
- 20.55 RN Löwen - Magdeburg
- 22.15 Pepsímörkin 2014
- 23.30 Real Madrid - Cordoba
- 01.10 Vikingur - FH



- 07.00 Hull - Stoke
- 12.10 Crystal Palace - West Ham
- 13.50 Southampton - WBA
- 15.30 Tottenham - QPR
- 17.10 Sunderland - Man. Utd.
- 18.50 Man. City - Liverpool BEINT
- 21.00 Messan
- 22.05 Football League Show 2014/15
- 22.35 Man. City - Liverpool
- 00.15 Messan



20.00 Frumkvöðlar 20.30 Græðlingur 21.00 ABC Barnahjálpi 21.30 Stormurinn.

STÖÐ 3

- 16.50 Total Wipeout UK
- 17.50 How To Live With Your Parents for the Rest of your Life
- 18.10 One Born Every Minute
- 19.00 The Amazing Race
- 19.45 Friends With Benefits (1:13)
- 20.10 Silicon Valley (1:8)
- 20.35 The Glades (10:10)
- 21.15 The Vampire Diaries (7:23)
- 22.00 Hello Ladies (1:8)
- 22.30 Drop Dead Diva (1:13)
- 23.10 Nikita
- 23.50 Terminator. The Sarah Connor Chronicles
- 00.35 The Amazing Race
- 01.15 Friends With Benefits
- 01.40 Silicon Valley
- 02.00 The Glades
- 02.45 The Vampire Diaries
- 03.25 Hello Ladies
- 03.50 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Ofurhundurinn Krypto 07.22 Ljótí andarunginn 07.44 Gulla og grænjaxlarnir 07.56 Rasmus Klumpur 08.00 Ævintýri Tinna 08.25 Latibær 08.47 Hvellur keppnisbíl 09.00 Könnuðurinn Dóra 09.24 Mörgæsirnir frá Madagaskar 09.45 Doddi litli 09.55 Sumardalsmyllan 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Elías 10.55 UKI 11.00 Ofurhundurinn Krypto 11.22 Ljótí andarunginn 11.44 Gulla og grænjaxlarnir 11.56 Rasmus Klumpur 12.00 Ævintýri Tinna 12.25 Latibær 12.47 Hvellur keppnisbíl 13.00 Könnuðurinn Dóra 13.24 Mörgæsirnir frá Madagaskar 13.45 Doddi litli 13.55 Sumardalsmyllan 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Elías 14.55 UKI 15.00 Ofurhundurinn Krypto 15.22 Ljótí andarunginn 15.44 Gulla og grænjaxlarnir 15.56 Rasmus Klumpur 16.00 Ævintýri Tinna 16.25 Latibær 16.47 Hvellur keppnisbíl 17.00 Könnuðurinn Dóra 17.24 Mörgæsirnir frá Madagaskar 17.45 Doddi litli 17.55 Sumardalsmyllan 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Elías 18.55 UKI 19.00 Kalli á þákinu 20.15 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.35 Strákarnir
- 18.00 Frasier
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (20:23)
- 19.55 Sjálfstætt fólk
- 20.25 Grillað með Jóa Fel (4:6)
- 21.00 Broadchurch (8:8)
- 21.50 Sisters (14:22)
- 22.40 The Newsroom (7:9)
- 23.35 Boardwalk Empire
- 00.25 Rita
- 01.10 Lærkevej
- 01.55 Sjálfstætt fólk
- 02.25 Grillað með Jóa Fel
- 03.00 Broadchurch
- 03.55 Sisters
- 04.45 The Newsroom
- 05.40 Boardwalk Empire

BÍÓSTÖÐIN

- 11.30 The Jewel of the Nile
- 13.15 How To Make An American Quilt
- 15.10 Rumor Has It
- 16.45 The Jewel of the Nile
- 18.30 How To Make An American Quilt
- 20.25 Rumor Has It
- 22.00 Season Of The Witch
- 23.35 Gangster Squad
- 01.25 Immortals
- 03.15 Season Of The Witch

RÚV

- 16.35 Skólaklúkur
- 17.20 Babar og vinir hans
- 17.42 Spurt og sprellað
- 17.47 Grettir
- 18.00 Skúli skelfir
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Svipmyndir frá Noregi
- 18.30 Lesbíur
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni (David Attenborough's Natural Curiosities) Töfrar náttúrunnar séðir með einstökum augum Davids Attenborough. Vandaðir nýir þættir frá BBC.
- 20.00 Bráðskarpar skepnur (1:3) (Inside the Animal Mind)
- 20.55 Berlínarsaga (6:6) (Weissensee Saga II) Sagan gerist í Austur-Berlín á níunda áratug síðustu aldar og segir frá tveimur fjölskyldum. Önnur er höll undir Stasi en í hinni er andófsfólk. Leikstjóri er Friedmann Fromm og meðal leikenda eru Florian Lukas, Hannah Herzsprung, Uwe Kockisch, Karin Sass og Ruth Reinecke. Þýskur myndaflokkur.
- 21.45 Íslenskar stuttmyndir (Epik Feil) Verðlaunamynd frá Stuttmyndadögum 2009. Myndin er eftir Ragnar Agnarsson og segir frá manni sem þarf að ráða fram úr erfiðu vandamáli.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Kvöldstund með Jools Holland (9:10) (Later with Jools Holland) Vinsæll breskur tónlistarþáttur í umsjón Jools Holland.
- 23.25 Brúin (8:10) (Broen II)
- 00.25 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.10 The Good Wife
- 16.55 Hotel Hell
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 Top Gear USA
- 19.10 The Office
- 19.30 Rules of Engagement (22:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp. Jeff og Audrey fá fréttir þess efnis að fjölskylda þeirra muni brátt tvöfalda.
- 19.55 Kirstie (7:12)
- 20.20 Men at Work (7:10) Þræl-skemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York-borg. Þeir lenda í ýmsum ævintýrum sem aðallega snúast um að ná sambandi við hitt kynið.
- 20.45 Málið (12:13) Hárbeitir fréttaskýringarþættir frá Sölvu Tryggvasyni þar sem hann brýtur viðfangsefni til mergjar.
- 21.15 Rookie Blue (13:13)
- 22.00 Betrayal
- 22.45 Monroe
- 23.30 Law & Order. SVU
- 00.15 Agents of S.H.I.E.L.D.
- 01.00 Rookie Blue
- 01.45 Betrayal
- 02.30 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 14.00 Golfing World 2014 14.50 PGA Tour 2014 17.55 Golfing World 2014 18.45 PGA Tour 2014

Toppslagur í dag!

Víkingar hafa svo sannarlega stimplað sig inn í baráttuna um Íslandsmeistaratilinn í ár.

FH-ingar gefa hinsvegar ekkert eftir.

Ekki missa af þessum toppslag!

SPORT Í dag kl. 17:45

VÍKINGUR - FH



Skráning hafin fyrir haustönn

Námskeið fyrir alla aldurshópa; börn, unglingar og fullorðnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir.

• Forskóli - Söngvaborg 3-5 ára

Í forskólanum er unnið með lög úr Söngvaborg ásamt almennum leikskólalögum. Kennslustundin er 40 mínútur og fer þannig fram að börnin eru virkjuð til að syngja, hreyfa sig og að ná fram almennri tjáningu. Forskólinn er kenndur á sunnudögum og er í 10 vikur.

Gestir á námskeiði: María, Sigga og Lóa
Kennari: Tinna Marína

• Börn 5-12 ára:

Námskeiðið er í 13 vikur. Börnin mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn og er kennt alla daga vikunnar. Hóptímar 5-6 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín. Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Farið er í hljóðnemataækni, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Á námskeiðinu eru 5 tímar frábrugðnir venjulegri kennslustund; rytmatími, upptaka á geisladisk, upptaka á DVD og tónleikar fyrir foreldra og vini.
Gestakennari: Eyþór Ingi

• Unglingar 13-15 ára:

Námskeiðið er í 12 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn. Kennt er alla virka daga.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira. Danstími/rytmatími (val)

Hóptímar 4 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Í enda námskeiðsins er upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum og tónleikar.

Gestakennari: Eyþór Ingi

• Fullorðnir:

• Hóptímar:

Námskeiðið er í 10 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Farið er í söngtækni, hljóðnemataækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira.

Hóptímar 3 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.

Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.

Upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum fylgir.

• Einkatímar:

Námskeiðið er 10 x hálf klst.

• Complete Vocal Technique:

Complete Vocal Technique er tækni sem flestir atvinnusöngvarar nýta sér í dag. Hún byggir á 20 ára ítarlegum rannsóknum á öllum tegundum söngstíla, allt frá þungarokki yfir í klassískan söng. CVT kynnir nýjar og auðveldar aðferðir til að beita röddinni til hins ítrasta á heilbrigðan hátt.

8 vikna námskeið þar sem mætt er einu sinni í viku í 2 klst. 5 í hóp

Ath! Aldurstakmark og aðeins fyrir lengra komna.

Kennari: Guðbjörg Magnúsdóttir

• Píanónám eftir eyranu

Námskeiðið er í 10 vikur. 4 saman í hóp. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.

Námskeiðið er fyrir alla sem vilja læra á píanó, byrjendur eða lengra komna.

Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að spila á píanó eftir eyranu og að spila undir eigin söng.

A.T.H aldurstakmark 12 ára

Kennari: Pétur Hjaltested

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Þriðji píanókonert Rachmaninoffs í flutningi Horowitz, Moscow með TATU & Rammstein og Poker Face með Lady Gaga svínvirka til að tendra vinnugleðina, jú, og líka Fela Kuti, David Bowie eða Mozart.“

Auður Jónsdóttir, rithöfundur

Skiptir út athugasemdum fyrir ljóð

Birkir Blær Ingólfsson gefur út ljóðabók í dag sem eingöngu er hægt að nálgast á fréttavef Vísis þar sem lesendur geta skipt athugasemdakerfinu út fyrir ljóð.

„Þetta er tilraun til að koma ljóðum í þessa „one click away“-menningu sem er ráðandi í dag,“ segir ljóðskáldið Birkir Blær Ingólfsson en hann gefur út ljóðabók sína Vísur í dag á fréttavef Vísis.

„Þetta virkar þannig að þú getur halað niður forrit sem skiptir út athugasemdakerfinu á Vísu fyrir ljóð úr bókinni,“ segir Birkir. „Fyrst kemur forsíðan og síðan á næstu frétt sem þú lest kemur fyrsta ljóðið og svo koll af

koll þar til bókin klárast og þá eyðir forritið sér sjálft og kommentakerfið kemur til baka.“

Ljóðabók af þessu tagi er líklega hin fyrsta sinnar tegundar í heiminum en Birkir er búinn að ganga með þessa hugmynd í kollinum í einhvern tíma.

„Það eru fullt af ljóðum að koma út á Íslandi en ég er ekki viss um að margir gefi sér tíma til þess að lesa þau,“ segir Birkir. „Það er langt síðan dagblöð á

Íslandi hættu að gefa út ljóð en öll gömlu skáldin birtu ljóðin sín með fréttunum í blöðunum þannig að þetta er svona tilraun að gera það aftur nema á nútímallegri hátt.“

Ahugasamir geta nálgast bókina á fréttavef Vísis en það þarf eingöngu að hala niður forritið og þá er hægt að lesa ljóðin undir menningar- og dægurmálatengdum fréttum.

baldvin@365.is



VÍSUR Á VÍSI Birkir er hugmyndafrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

HVERJIR LEIKA HVAD?

Stefán Karl Stefánsson fer með titilhlutverk sýningarinnar sem Loki Laufeyjarson.

Eggert Þorleifsson leikur Óðin.

Saga Garðarsdóttir fer með hlutverk jötunsins Skaða.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur Frigg.

Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur Þór.

Nanna Kristín Magnúsdóttir leikur Freyju.



**BORGARLEIKHÚS-
BLAÐIÐ KEMUR
Á MIÐVIKUDAGINN!**

Byrjum 8. september

Komdu! í Kramhúsið

Dansnámskeið

- ★ Beyoncé · Bollywood · Afró
- ★ Magadans · Contemporary
- ★ Jane Fonda danssviti
- Balkan · Zumba
- ★ Tangó · Hristingur

Barna- og unglínganámskeið

- ★ Dans og skapandi hreyfing
- ★ Tónlistarleikhús · Popping · Breik
- ★ Krakkayoga

★ Yoga Nidra · Yoga · Herrayoga

- Leikfimi · Pilates

SKRÁNING STENDUR YFIR

kramhusid.is
551 5103 & 551 7860

KRAM HÚSIÐ

FRUMKVÖÐULL Í 30 ÁR

Ískaldur húmor í norrænni goðafræði

Selma Björnsdóttir leikstýrir nýjum rokksöngleik í Þjóðleikhúsinu í samstarfi við Hugleik Dagsson og Sigurjón Kjartansson. Lofar Selma veigamestu sýningu leikársins.

„Þetta eru þekktar sögur í norrænni goðafræði sem Hugleikur tengir saman í bland við sinn ískalda húmor,“ segir Selma Björnsdóttir en hún kemur til með að leikstýra nýjum rokksöngleik í Þjóðleikhúsinu á næsta ári í samstarfi við Hugleik Dagsson og Sigurjón Kjartansson.

„Söngleikurinn ber nafnið Loki læðist en enn sem komið er erum við að fínþússa, bæta og breyta. Þeir sem hafa gluggað í goðafræðina ættu að kannast við margar senurnar þarna en þær verða með örlítið breyttu sniði.“

Sigurjón Kjartansson sér um tónlist rokksöngleiksins en Selma segir að á sviðinu verði rokkhljóm-sveit allt verkið.

„Inn í sögurnar mun tónlist Sigurjóns tvinnast og þarna munu vera bæði glæný lög og líka stærstu smellir Ham og jafnvel Ólympíu,“ segir leikstjórnin. „Við erum nú þegar komin með tvo Skálmaldar-meðlimi í sveitina, Jón Geir og Baldur Ragnars, en síðan eigum við eftir að fullmanna bandið,“ segir Selma en hún er á höttunum eftir söngvara og bassaleikara til þess að fullkomna hljómsveitina.

Selma segir söngleikinn hafa verið í bígerð í dagóðan tíma en þau Hugleikur hafa verið að vinna að honum síðan í vor þegar sú ákvörðun var tekin að setja söngleikinn upp í Þjóðleikhúsinu.

„Þetta verður stærsta og veigamesta sýningin á leikárinu, öllu til tjaldað. Eins og



METNAÐARFULL Selma segir söngleikinn hafa verið í bígerð í dagóðan tíma.

gefur að skilja býður þessi heimur upp á mjög marga möguleika,“ segir hún og ýjar að því að sýningargestir megi eiga von á því að hitta Fenrisúlfinn og Miðgarðsorminn. „Síðan förum við til Heljar, Niflheim, Ásgarðs og allt í bland við gott þungarokk og magnaðar bardagasenur.“

baldvin@frettabladid.is

„Eins og gefur að skilja býður þessi heimur upp á mjög marga möguleika.“

Selma Björnsdóttir



Fréttir sem enginn annar er með

Atli Fannar opnar vefinn Nútímann í dag með bæði hörðum og mjúkum fréttum.

„Vefurinn er fyrir ungt fólk, og þegar ég tala um ungt fólk þá er ég að tala um fólk á aldrinum tuttugu til fjörutíu ára. Ég er sjálfur þrítugur og neita að trúa því að ég verði ekki ungur lengur eftir tíu ár,“ segir fjölmiðlamaðurinn Atli Fannar Bjarkason. Hann opnar í dag fréttavefinn nutiminn.is og lofar metnaðarfullum vef, fullum af fjölbreyttum fréttum.

„Þetta verða alls konar fréttir af því sem er að gerast núna, bæði harðar og mjúkar. Þessar helstu fréttir í bland við fréttir sem enginn er með. Framsetningin er fersk og Nútímann er fallegur í öllum tækjum,“ segir Atli Fannar og hvetur fólk einnig til að finna Nútímann á Facebook.

Atli Fannar á að baki tíu ára reynslu í fjölmiðlabransanum og hefur bæði gegnt starfi ritstjóra Mónitors og fréttastjóra dægurmála á Fréttablaðiinu. Aðspurður hvort það sé ekki áhættusamt að stofna fréttavef í dag segir Atli Fannar að það sé vissulega raunin.



NÚTÍMALEGUR Atli Fannar ætlar hvorki að skrifa um fortíðina né framtíðina. Eingöngu nútímann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

„Það er auðvitað algjörlega sturlað. Ég var að leita mér að einhverju skemmtilegu að gera og ákvað að setja allan peninginn minn í þetta fyrirtæki með góða hugmynd að vopni. Ég treysti á að markaðurinn sé til í þetta og það lítur út fyrir það.“

Fjölmiðlamaðurinn hefur umkringgt sig góðu fólki við gerð vefjarins.

„Í liði með mér eru frábærir pistlahöfundar. Logi Pedro úr Retro Stefson ætlar að skrifa um tísku, Alma í Charlies skrifar frá Los Angeles, Björg Magnúsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Bibbi í Skálmöld og Bragi Valdimar deila öll snilld sinni. Svo detta fleiri pistlahöfundar inn jafnt og þétt. Og eflaust einhverjir út. Sá liður verður sprellumfandi.“

-lk

Snjallari kynslóð atvinnubíla á rekstrarleigu



HEKLA býður nú fyrirtækjum Volkswagen Transporter og Volkswagen Caddy á einstaklega **hagstæðri rekstrarleigu**.

Í rekstrarleigu fá fyrirtæki bifreiðar til umráða í eitt ár* gegn föstu mánaðargjaldi. Greitt er fast mánaðarlegt leigugjald og bifreiðinni einfaldlega skilað í lok leigutímans. Tólf mánaða rekstarleiga gefur fyrirtækjum einstaklega gott svigrúm til að aðlaga bílaflokkinn að breyttum aðstæðum með lítilli skuldbindingu og lágmarksáhættu.

Nú hefur þú tækifæri á að tryggja þínu fyrirtæki snjallari kynslóð atvinnubíla á rekstrarleigu.



			12 mán. rekstrarleiga	
Transporter	Vél	Verð m. vsk	án vsk	m. vsk
Transporter stuttur	2,0 TDI	4.490.000	79.602	99.900
Transporter langur	2,0 TDI	4.650.000	83.586	104.900
Transporter langur 4Motion	2,0 TDI	5.690.000	107.490	134.900
Caddy				
Caddy	1,2 TSI	3.250.000	79.602	99.900
Caddy	1,6 TDI	3.590.000	82.789	103.900
Caddy Maxi				
Caddy Maxi, sjálfskiptur	1,6 TDI	3.990.000	87.570	109.900
Caddy Maxi 4Motion	2,0 TDI	4.190.000	90.757	113.900

Kostir rekstrarleigu:

- Engin fjárbinding
- Engin óvænt útgjöld
- Fastar leigugreiðslur

Hvað er innifalið í leiguverði?

- Mánaðargjald felur í sér afnot af bílnum
- 20.000 km akstur á ári
- Innifalið í leiguverði eru þjónustuskoðanir og smurþjónusta skv. þjónustubók

VW SNJALL-BÍLAR



Nýjasta útfærslan af Caddy og Transporter er sú snjallasta til þessa og betur búin en nokkru sinni fyrr. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Volkswagen snjallbílnum.

Aukabúnaður í Snjall-Caddy

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga**
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

Aukabúnaður í Snjall-Transporter

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Þjófavörn
- Viðarklæðning á gólfi flutningsrýmis
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði

Volkswagen er mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi



Atvinnubílar

*Einnig er hægt að velja 24 og 36 mánaða leigusamning. **Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ljóð mala gull

Fríyrkjan er skáldskaparhópur ungmenna á Íslandi og sjálfstæð bókaútgáfa. Í síðustu viku hélt félagið ljóðakvöld á skemmtistaðnum Bravó þar sem hvert ungskáldið las ljóð á fætur öðru. Í húsinu var fullt út að dyrum og rífandi stemning. „Þetta gekk betur en ég hafði gert ráð fyrir,“ segir **Sólveig Matthildur**, skáld og barþjónn á Bravó.

Menn hugsa vanalega ekki um ljóð sem mikla peningauppsprettu. Þetta var nánast afsannað á ljóðakvöldinu þar sem drykkir voru seldir fyrir tæpar 300.000 krónur þetta kvöldið, og það á þriðjudegi. Voru því um það bil 600 bjórar seldir. „Skáld eru svo þunglynd og drykkfelld að það var stífla við barinn allan tímann,“ segir Sólveig. - þij



Raftónlist í leirbaði

Árni Grétar Jóhannesson, eða Futuregrapher, raftónlistarmaður sást spóka sig í leirböðunum í Heilustofnun Hveragerðis um helgina. Hann gerði sér reyndar ekki ferð þangað til afslöppunar heldur til að skjóta myndband fyrir nýja lagið sitt Önnu Maggý. Lagið er á nýrri plötu sem heitir Skyvera og er í bígerð. „Myndbandið er lýsing á andlegri alsælu,“ segir Árni en því er leikstýrt af Marteini Thorssyni. Í myndbandinu kemur Árni Grétar fram ásamt Margréti Þorgeirsdóttur.

Árni safnar nú pening á hóp-söfnunarsíðunni Karolina Fund til að geta gefið út vínlytútgáfu af plötunni. Hann er kominn með næstum því 90% af upphæðinni og eru 18 dagar eftir af söfnuninni. - þij



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Stærðin skiptir máli: Ber fyrir sig að tynnið sé of lítið
- 2 Myndband af slagsmálunum á Café Milano komið á netið
- 3 Aukinn órói undir Dyngjujökli
- 4 Klara spáði rétt fyrir um gosið: „Ég er bara næm“
- 5 Gosróinn í Gjalp hófst daginn eftir þann stóra

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM!

RISA

ÚTSALA 30-70% AFSLÁTTUR!

ROYAL M3
Queen Size (153x203 cm)
FULLT VERÐ 135.675 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 94.975 kr.
= 30% AFSLÁTTUR!

ROYAL M3
(180x200 cm)
FULLT VERÐ 183.330 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 128.331 kr.
= 30% AFSLÁTTUR!

- 5 SVÆÐA SKIPT POKAGORMAKERFI
- ÞRÝSTJÓFNUNARSVAMPUR Í TOPPNUM
- GEFUR EINSTAKA AÐLÖGUN

CACIOS
King Size (193x203 cm)
FULLT VERÐ 305.466 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 152.732 kr.
= 50% AFSLÁTTUR!

50% AFSLÁTTUR

FARYN
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 282.083 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 183.360 kr.
= 35% AFSLÁTTUR!

35% AFSLÁTTUR

SILVIA
HÆGINASTÖLL
FULLT VERÐ 43.700 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 34.960 kr.

rekkjan
HEILSURÚM